Rammaáætlun
Vernd og orkunýting landsvæða

Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálendi Íslands

Rannveig Ólafsdóttir

Anna Dóra Sæþórsdóttir

Helgi Guðmundsson

Jonathan Huck

Micael Runnström

Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálendi Íslands

Rannveig Ólafsdóttir [1)]

Anna Dóra Sæþórsdóttir [1)]

Helgi Guðmundsson [2)]

Jonathan Huck [3)]

Micael Runnström [4)]

1) Land- og ferðamálafræðistofa, Líf- og Umhverfisvísindadeild, Háskóli Íslands
2) Félagsvísindastofnun, Háskóli Íslands
3) School of Environment, Education and Development, University of Manchester
4) Department of Physical Geography and Ecosystem Science, Lund University, Sweden

© Rannveig Ólafsdóttir og Anna Dóra Sæþórsdóttir

Maí 2016

Líf- og umhverfisvísindastofnun
Háskóli Íslands
Askja, Sturlugötu 7
101 Reykjavík

Forsíðumynd: Hvítárnes. Ljósmynd: Anna Dóra Sæþórsdóttir.

ISBN: 978-9935-9316-8-9

Öll réttindi áskilin. Óheimilt er að prenta eða afrita skýrsluna eða hluta hennar án skriflegs leyfis höfunda.

Ágrip

Áhersla á verndun víðerna hefur farið stigvaxandi á opinberum vettvangi hér á landi síðastliðin ár. Í nýsamþykktri þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sveitarfélögum sem land eiga að miðhálendinu meðal annars gert að útfæra stefnu um verndun víðerna í sínum skipulagsáætlunum. Til grundvallar stefnunni á að liggja kortlagning á umfangi víðerna. Skilgreining á hugtakinu víðerni hefur hins vegar verið umdeild, þar sem upplifun og skynjun fólks á víðernum getur verið mjög mismunandi og oft á tíðum ólík lagalegri skilgreiningu hugtaksins. Það getur því reynst erfitt að ákveða hvað nákvæmlega á að varðveita og kortleggja.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er annars vegar að afla tölulegra gagna um viðhorf og skilning Íslendinga til víðerna, óbyggða og miðhálendis Íslands og hins vegar að greina upplifun og skynjun Íslendinga á víðernum. Gerðar voru tvær spurningakannanir. Þær voru sendar út á netpanel Félagsvísindastofnunar en hann gefur marktækt úrtak á viðhorfi landsmanna. Fyrri könnunin beinir sjónum að kortlagningu þátttakenda þar sem þeir meðal annars teiknuðu sjálfir inn á kort hugmyndir sínar um staðsetningu og umfang víðerna. Í síðari könnuninni var sjónum beint að skilningi Íslendinga á hugtökunum víðerni, óbyggðir og miðhálendi. Jafnframt var stuðst við ljósmyndir þar sem þátttakendur völdu á milli mynda sem þeir töldu passa best og verst við skynjun þeirra á víðernum.

Niðurstöður sýna að munur er á skilningi Íslendinga til hugtakanna víðerni, óbyggðir og miðhálendi. Í hugum Íslendinga stendur hugtakið óbyggðir nær lagalegri skilgreiningu stjórnvalda á hugtakinu víðerni eins og það er sett fram í lögum nr. 44/1999, 60/2013 og 109/2015. Hugtakið víðerni skynja landsmenn hins vegar fyrst og fremst sem víðáttumikið landslag. Í hugum almennings er það fyrst og fremst hugmyndin um óbyggðir og lítil mannleg ummerki sem gerir svæði að víðernum. Aðgengi vélknúinna tækja virðist hins vegar vera ráðandi breyta í þekkingu landsmanna á víðernum landsins. Vegir, slóðar, háspennulínur og virkjanir eru enn fremur þeir innviðir sem almenningur tekur mest eftir þegar þeir ferðast um svæði sem þeir upplifa sem víðerni. Þessir innviðir virðast þannig ekki skerða hugmyndina um víðerni í hugum Íslendinga. Gildi víðerna í hugum landsmanna felast hins vegar fyrst og fremst í tækifæri til að geta upplifað kyrrð, ró, og einveru, ásamt tækifæri til náttúruverndar. Ummerki um mannvist í hvaða mynd sem er, fyrir utan fornminjar, hafa neikvæð áhrif á gildi

víðerna. Orkumannvirki og aukin umsvif ferðaþjónustu eru auk þess talin vera helsta ógn við íslensk víðerni að mati landsmanna. Skipulag víðerna er þannig mikil áskorun fyrir framtíðina að leysa úr.

Verkefnið var unnið veturinn 2015-2016 fyrir faghóp tvö í þriðja áfanga rammaáætlunar og fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Efnisyfirlit

Ágrip iii
Efnisyfirlit v
Mynda- og töfluskrá vi
1. Inngangur 1
2. Hugtök og skilgreiningar 3
2.1 Óbyggðir - öræfi 3
2.2 Miðhálendi 3
2.3 Víðerni 5
3. Kortlagning íslenskra víðerna 7
4. Gögn og aðferðir 13
5. Niðurstöður 18
5.1 Umfang íslenskra víðerna í hugum Íslendinga (Map-me) 18
5.2 Viðhorf og upplifun almennings á víðernum, óbyggðum og miðhálendinu 24
6. Umræður og ályktanir 36
6.1 Skilningur Íslendinga á hugtökunum víðerni, óbyggðir og miðhálendi 36
6.2 Upplifun Íslendinga á víðernum 37
6.3 Gildi víðerna í hugum Íslendinga 39
Þakkir 40
Heimildir 41
Viðaukar 46
A. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar á Map-me könnuninni
B. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar könnun um viðhorf Íslendinga
C. Spurningalisti I
D. Spurningalisti II

Mynda- og töfluskrá

Myndir

Mynd 1.Afmörkun miðhálendis samkvæmt lögum nr. 73/1993. 5
Mynd 2. Íslensk víðerni skv.kortlagningu Rannveigar Ólafsdóttur og Micael Runnström. 9
Mynd 3. Breytingar á umfangi stærstu einstöku víðernisheildar á miðhálendi Íslands 9
Mynd 4. Dreifing hnitaðra ljósmynda sem ferðamenn hafa tekið og deilt á veraldarvefnum. 10
Mynd 5.Upplifun ferðamanna á víðernum á Suðurhálendinu 11
Mynd 6.Hlutfall víðerna á Suðurhálendinu skv. upplifun mismunandi hópa ferðamanna 12
Mynd 7.Sýnishorn af svæði sem hefur verið úðað með Map-me úðabrúsanum 14
Mynd 8.Punktaþekja umreiknuð yfir á samfellt yfirborð eftir þéttleika punkta. 15
Mynd 9. Umfang víðerna í hugum Íslendinga miðað við 300 m hæðarlínu 19
Mynd 10.Umfang víðerna í hugum Íslendinga miðað við miðhálendislínuna 19
Mynd 11.Þættir sem helst einkenna víðerni í hugum Íslendinga 20
Mynd 12. Svæði sem almenningur hefur heimsótt og upplifir sem víðerni 21
Mynd 13.Þættir sem sameina upplifun Íslendinga á víðernum 21
Mynd 14.Innviðir sem eru mest áberandi á víðernum í hugum Íslendinga 22
Mynd 15.Víðernissvæði sem almenningi finnst mikilvægt að varðveita í núverandi mynd.... 23
Mynd 16.Helstu ógnir íslenskra víðerna í hugum Íslendinga 23
Mynd 17. Viðeigandi innviðir og þjónusta á miðhálendinu, í óbyggðum og á viðernum 26
Mynd 18. Samanburður á viðeigandi innviðum á víðernum, óbyggðum og á miðhálendinu .. 26
Mynd 19. Víðernis-skor fyrir náttúruleika svæða 28
Mynd 20. Víðernis-skor fyrir manngerða þætti 29
Mynd 21. Víðernis-skor fyrir dýralíf 30
Mynd 22. Víðernis-skor fyrir landslag og staðhætti 31
Mynd 23. Víðernis-skor fyrir fjarlægð frá vegi eða slóða 32
Mynd 24. Aðgerðir sem eru mikilvægar til að varðveita íslensk víðerni 33
Mynd 25. Atriði sem Íslendingar telja mikilvæg þegar þeir ferðast um víðerni 34
Mynd 26. Greining almennings m.t.t. viðhorfsvarðans 35

Töflur

Tafla 1. Áhrif náttúruleika svæða á viðhorf almennings til víðerna 27
Tafla 2. Áhrif manngerðra þátta á viðhorf almennings til víðerna 28
Tafla 3. Áhrif dýralífs á viðhorf almennings til víðerna 29
Tafla 4. Áhrif landslags og staðhátta á viðhorf almennings til víðerna 30

1. Inngangur

Á heimsvísu fara verðmæti víðerna vaxandi, meðal annars vegna þess að sífellt fleiri ferðamenn hafa áhuga á að sækja slík svæði heim, en einnig vegna þess að víðernum fækkar ört sem eykur verðmæti þeirra sem eftir eru. Efnahagsleg rök eru því í vaxandi mæli notuð til réttlætingar á því að varðveita víðerni (sjá t.d. Boyd & Butler, 2009; Fredman & Sandell, 2009; Hall og Frost, 2009). Upplifun og skynjun fólks á því hvað víðerni er, eru á hinn bóginn mjög mismunandi (t.d. Stankey og Schreyer, 1987; Hall og Page, 2014) og því getur reynst erfitt að skilgreina hvað nákvæmlega á að varðveita. Erlendis hefur umræðan um hugtakið víðerni og skilgreiningu þess varað lengi og fjöldinn allur af greinum og skýrslum verið ritaðar án þess að sameiginleg alþjóðleg skilgreining hafi náðst (Hall og Page, 2014). Þessi staðreynd sýnir hversu flókið og umdeilt hugtakið er. Það er hins vegar óumdeilt að síðastliðna áratugi hafa miklar breytingar átt sér stað hvað varðar landnýtingu á hálendi Íslands. Þessar breytingar hafa smátt og smátt breytt ástandi lands á hálendinu og þar með ásýnd landslags á miðhálendi landsins. Auk beitar hafa orkuvinnsla og ferðaþjónusta jafnt og þétt vaxið að umfangi á miðhálendinu. Þessar atvinnugreinar krefjast mikils landrýmis, og þeim fylgja innviðir og ágangur sem geta verið áberandi í íslensku landslagi, og þar af leiðandi breytt upplifun fólks sem um það fer.

Í gegnum Íslandssöguna hefur föst búseta á miðhálendi landsins verið takmörkuð og einkum einskorðast við jaðra þess. Í hugum flestra Íslendinga er miðhálendið þess vegna skilgreint sem óbyggðir. Þar var og er lítið um gróanda og öræfi því álitin þar allsráðandi. Á síðari árum hefur hugtakið víðerni æ oftar birst í rituðu máli, sérstaklega í gögnum er varða opinbera stjórnsýslu. Í stefnumörkun stjórnvalda um sjálfbæra þróun til 2020 (Umhverfisráðuneytið, 2002) kemur til dæmis fram að tryggja skuli að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum Íslands. Í nýsamþykktri þingsályktun (16. mars 2016) um landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sér grein (nr. 1.1) eignuð víðernum og náttúrugæðum, þar sem segir: „Viðhaldið verði sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins með áherslu á verndun víðerna hálendisins, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða og gróðurlenda og verðmætra menningarminja“. Einn liður í því er kortlagning á skilningi og skynjun íslensks almennings á víðernum.

Meginmarkmið þessarar rannsóknar er tvíþætt. Annars vegar að afla tölulegra gagna um viðhorf og skilning Íslendinga til víðerna, óbyggða og miðhálendis Íslands. Hins vegar að greina upplifun og skynjun Íslendinga á víðernum. Undirmarkmið eru eftirfarandi:

- Að draga fram þann skilning sem Íslendingar leggja í hugtökin víðerni, óbyggðir og miðhálendi Íslands og greina hvort munur sé þar á milli.
- Að draga fram hvaða þættir í landslagi og ástandi lands gera svæði að víðernum í hugum Íslendinga, og hvaða þættir skerða víðerni.
- Að greina hvaða merkingu miðhálendi Íslands hefur í hugum landsmanna, hvað einkennir svæðið og hvað aðgreinir það frá öðrum svæðum.
- Að greina hvort mannvirki og önnur ummerki af völdum manna hafi áhrif á mat Íslendinga á hvort svæði teljist til víðerna,
- Að greina hvaða mannvirki og ummerki landsmenn telji viðeigandi/æskileg á miðhálendinu án þess að gæði víðerna skerðist.
- Að meta og greina gildi víðerna að mati Íslendinga og hvað felist í þeim gildum.

Verkefnið var unnið fyrir faghóp tvö í þriðja áfanga rammaáætlunar (verndar- og orkunýtingaráætlun) og fjármagnað af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Tvær spurningakannanir voru sendar út á netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sú fyrri í janúar 2016 og sú síðari í apríl 2016, og sá Félagsvísindastofnun um framkvæmd þeirra beggja. Verkefnisstjórn og umsjón var í höndum Rannveigar Ólafsdóttur og Önnu Dóru Sæþórdóttur prófessora við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. Niðurstöðurnar eru mikilvægt innlegg við kortlagningu íslenskra víðerna og til hjálpar við ákvarðanir um verndun og nýtingu lands.

Skýrslan samanstendur af sex köflum, auk fjögurra viðauka. Í kafla tvö, hér á eftir inngangi, er sjónum beint að þeim megin hugtökum sem Íslendingar tengja við víðerni og mismunandi skilgreiningar þeirra ræddar. Í kafla þrjú er gerð grein fyrir kortlagningu íslenskra víðerna fram til dagsins í dag. Þar á eftir er aðferðafræði sem rannsóknin styðst við kynnt. Í kafla fimm eru niðurstöður rannsóknanna kynntar, og í sjötta og síðasta kafla eru niðurstöðurnar ræddar og ályktanir dregnar fram. Þar fyrir aftan eru skýrslur Félagsvísindastofnunar (viðauki A og B) og spurningalistarnir (viðauki C og D).

2. Hugtök og skilgreiningar

2.1 Óbyggðir - öræfi

Hugtökin óbyggðir og öræfi eru flestum Íslendingum töm og hafa fundist lengi í íslenskri tungu. Samkvæmt íslenskri orðabók (2002) stendur hugtakið *óbyggðir* fyrir „óbyggt land, (einkum) hálendi, öræfi“. Í sömu heimild stendur hugtakið *öræfi* fyrir: „eyðimörk, óbyggðir, ónytjað hálendi lands, - á öræfum Íslands“. Skýr greinarmunur er þannig ekki á milli þessara hugtaka samkvæmt íslenskri orðabók. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) telur orðið *öræfi* vera skylt örhóf og gefur merkinguna „óbyggðir, eyðilönd, hafnleysa“. Hann segir að orðin virðist leidd af *ör-* og nafnorðinu *hóf, hæfi* og eiginleg merking þá „hófleysa, e-ð yfirgengilegt“.

Elsta dæmi um orðið *öræfi* í ritmálssafni Orðabókar Háskólans (e.d.) er frá árinu 1540, en það er að finna í Nýja Testamennti Odds Gottskálkssonar „Huadan toku vier braud hier a oræfum“. Orðið er samkvæmt ritmálasafninu nokkuð algengt í miðaldarritum, og á síðmiðöldum verður það mjög algengt í jarðarbókum og sóknarlýsingum. Elsta dæmi um orðið *óbyggðir* er að finna í Guðbrandsbiblíu frá árinu 1584 „su Eydemørken og Obygden mun lystelig vera“. Eftir það eru engin dæmi orðið á prenti fyrr en í riti Björns Halldórssonar í Sauðlauksdal árið 1780, og eftir það verður það algengara og þá einkum í íslenskum þjóðsögum og í textum sem vísa í uppdrætti Íslands (Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, e.d.).

Í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd, 5.gr. er hugtakið *óbyggðir* skilgreint sem „Landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi“. Auk þess er hugtakið óbyggðir notað í þremur greinum náttúruverndarlaganna, þ.e. í 25. gr. um takmörkun umferðar, í 75. gr. Um eftirlit Umhverfisstofnunar, og í 77. gr. um eftirlit með ástandi svæða í óbyggðum. Hugtakið öræfi kemur ekki fyrir í lögum nr. 60/2013.

2.2 Miðhálendi

Hugtakið miðhálendi er til þess að gera nýtt í íslenskri tungu. Í íslenskri orðabók (2002) er miðhálendi skilgreint sem „Hálendið um miðbik Íslands (austan Langökuls, norðan Mýrdalsjökuls, sunnan/suðvestan Mývatns)“. Samkvæmt Ágústu Þorbergsdóttur íslenskufræðings við Árnastofnun (munnleg heimild 25. apríl 2016) er líklega elsta dæmi um það á prenti að finna í ritinu Fréttir frá Íslandi frá árinu 1880:

> Vegabótum var haldið áfram ótrauðlega á þessu sumri, og skal hjer að eins getið hinna helztu fjallvega, er að hefir verið unnið og við lokið. Það er kunnugt, að um undanfarin ár hafa menn verið að vinna að vegagjörðum yfir hálendi það og heiðar, er ganga í útnorður af miðhálendi Íslands og greinir Norður- og Vesturland.
>
> (*Fréttir frá Íslandi, 1879-1880, bls. 46*)

Í ritmálssafni Orðabókar Háskólans (e.d.) er aðeins eitt dæmi að finna um orðið miðhálendi, það kemur frá safni Sigfúsar Sigfússonar um Íslenskar þjóðsögur og sagnir sem gefið var út á árunum 1922-1959. Miðhálendi er ekki að finna í íslenskri orðsifjabók.

Hugtakið virðist fá byr undir báða vængi við undirbúning að gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands í byrjun tíunda áratugs síðustu aldar. Samkvæmt Guðrúnu Höllu Gunnarsdóttur sérfræðingi á Skipulagsstofnun og fyrrverandi ritara Samvinnunefndar miðhálendisins (munnleg heimild 25. apríl 2016) er líklegt að orðið komi fyrst fyrir í því samhengi í skýrslu umhverfisráðherra til undirbúnings löggjafar um stjórnsýslu á miðhálendi Íslands að því er tekur til skipulags- og byggingarmála, og birt var á löggjafarþingi 1990-1991. Árið 1993 samþykkti Alþingi að setja inn bráðabirgðaákvæði (Lög nr. 73/1993, 1.gr.) um breytingu á þágildandi skipulagslögum nr. 19/1964, er varðar ákvörðun að skipun samvinnunefndar „til að gera tillögu að skipulagi á miðhálendi Íslands“. Reglur um gerð svæðisskipulags fyrir miðhálendi Íslands voru síðan birtar í B-deild Stjórnartíðinda haustið 1994 (auglýsing nr. 565). Svæðisskipulag Miðhálendis Íslands 2015, sem staðfest var af umhverfisráðherra 10. maí 1999, studdist við ákveðna hálendislínu (mynd 1), en afmörkun hennar byggir á áðurnefndu bráðabirgðaákvæði laga nr. 73/1993. Í því segir að miðhálendislínan skuli í aðalatriðum markast „af línu sem dregin verður milli heimalanda og afrétta“. Að sögn Guðrúnar Höllu endurskoðaði samvinnunefndin þessa línu í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir og aðra hlutaðeigandi aðila. Við samþykkt þingályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2026 þann 16. mars 2016, var svæðisskipulagið fellt úr gildi. Skipulag á miðhálendi Íslands er eitt af fjórum megin viðfangsefnum í þingályktun um landsskipulagsstefnu. Afmörkun miðhálendisins í landsskipulagsstefnunni er skilgreind í greinargerð sem fylgdi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016 (Þingskjal 101/101). Þar segir m.a.: „Í landsskipulagsstefnu er stefna um skipulagsmál á miðhálendinu miðuð við afmörkun miðhálendisins eins og hún er skilgreind í Svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015“. Þannig er gert ráð fyrir því að áfram verði stuðst við sömu hálendislínu og sett var fram í svæðisskipulaginu (þ.e. mynd 1).

Mynd 1.Afmörkun miðhálendis samkvæmt lögum nr. 73/1993 (Vísindavefurinn, e.d).

2.3 Víðerni

Samkvæmt íslenskri orðabók (2002) stendur víðerni fyrir „Mikil víðátta, rýmd – vídd“. Ásgeir Blöndal Magnússon (1989) rekur uppruna orðsins til orðanna „víðátta, og breidd“, og telur það vera komið af lýsingarorðinu víður, og viðskeytinu -erni; sem vísar til bróðernis og faðernis. Elsta dæmi um orðið í þessari merkingu í ritmálasafni Orðabókar Háskólans að finna í Guðbrandsbiblíu frá árinu 1584: „og samansafna oss at nyiu vr vijderne Veralldarinnar“ . Fjölmörg dæmi eru um orðið í rituðu máli eftir 1700 samkvæmt ritmálasafninu.

Ágústa Þorbergsdóttir íslenskufræðingur við Árnastofnun (munnleg heimild 25. apríl 2016) telur víðerni vera dæmi um gömul almenn orð sem byrjað er að nota aftur í þrengri merkingu. Á tíunda áratug síðustu aldar var farið að nota hugtakið víðerni í afmarkaðri merkingu, þ.e. sem þýðingu á enska hugtakinu *wilderness*. Þessi notkun hugtaksins var í byrjun einkum í sambandi við opinberar stefnuyfirlýsingar. Samkvæmt Önnu Dóru Sæþórsdóttur (2011) kom hugtakið *ósnortin víðerni* fyrst fram árið 1990 í tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu, sem lögð var fyrir á 113. löggjafarþingi Alþingis, og þar bent á auðlindina sem í þeim felst fyrir íslenskra ferðaþjónustu. Á 121. löggjafarþingi Alþingis árið 1996 var síðan lögð fram tillaga til þingályktunar um varðveislu ósnortinna víðerna og ári síðar ályktaði Alþingi um mörkun stefnu er varðar varðveislu ósnortinna víðerna (Þingsályktun nr. 13/121). Í framhaldinu skipaði þáverandi ráðherra starfshóp til að vinna að skilgreiningu ósnortinna víðerna, en vinna þess hóps liggur til grundvallar skilgreiningu hugtaksins í lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Þar er ósnortið víðerni skilgreint sem landsvæði:

- þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa,
- sem er í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum s.s. raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og þjóðvegum,
- sem er a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferðar vélknúinna farartækja.

Í nýjum lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er ekki að finna skilgreiningu á hugtakinu *ósnortið víðerni*, þess í stað er komið hugtakið *óbyggt víðerni* en það er skilgreint er sem „Svæði í óbyggðum, að jafnaði a.m.k. 25 km^2 að stærð og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“ (Lög nr. 60/2013, 5. gr. liður 19). Við endurskoðun laganna (þ.e. lög nr. 109/2015 um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013) var þessari skilgreiningu breytt. Þar er *óbyggt víðerni* skilgreint sem: „Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km^2 að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“. Þarna hefur verið bætt við fyrri skilgreiningu orðrétt upp úr fyrri lögum nr. 44/1999, þ.e. „eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja“. Það sem aðskilur skilgreiningar á *ósnortnu víðerni* í lögum nr. 44/1999 og *óbyggðu víðerni* í lögum 109/2015 er þá fyrst og fremst að í nýrri skilgreiningunni er talað um *uppbyggða vegi* en *þjóðvegi* í þeirri eldri. Þá hefur fyrsti hluti skilgreiningarinnar um ósnortin víðerni nú fallið niður, þ.e. „þar sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannlegra umsvifa. Þessa setningu er hins vegar að finna í 46. grein laganna um óbyggð víðerni. Þar segir: „Friðlýsa má sem óbyggð víðerni stór landsvæði þar sem ummerkja mannsins gætir lítið sem ekkert og náttúran fær að þróast án álags af mannlegum umsvifum“.

Það getur því verið erfitt fyrir almenning að átta sig á fyrir hvað hugtakið víðerni nákvæmlega stendur í íslenskri löggjöf.

3. Kortlagning íslenskra víðerna

Í nýjum lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013; 109/2015) og í nýsamþykktri þingsályktun (nr. 19/145) um landsskipulagsstefnu 2015-2026, er áhersla lögð á verndun víðerna. Í náttúrverndarlögunum er verndun óbyggðra víðerna meðal annars lögð til grundvallar verndunar jarðfræðilegrar fjölbreytni: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því … að standa vörð um óbyggð víðerni landsins“ (3. gr. liður e). Í landskipulagsstefnunni er grein 1.1.1 helguð skipulagsákvæði um náttúru og víðerni. Í henni stendur:

> Sveitarfélög á miðhálendinu útfæri landsskipulagsstefnu um verndun víðerna- og náttúrugæða í skipulagsáætlunum sínum. Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði þess gætt að mannvirki og umferð um hálendið skerði víðerni og önnur sérkenni og náttúrugæði hálendisins sem minnst. Jafnframt verði kannaðir möguleikar á endurheimt víðerna og náttúrugæða. Til grundvallar stefnumörkun verði lögð kortlagning á umfangi víðerna, vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar Íslands og svæði sem njóta verndar vegna náttúrufars. Á svæðum sem flokkast sem víðerni verði svigrúm fyrir takmarkaða mannvirkjagerð, svo sem gönguskála, vegslóða og göngu- og reiðleiðir. Umfangsmeiri mannvirkjagerð verði beint að stöðum sem rýra ekki víðerni hálendisins .
>
> (*Þingályktun nr. 19/145, gr. 1.1.1*)

Sveitarfélögunum sem land eiga að miðhálendinu er þarna gert að útfæra stefnu um verndun víðerna í sínum skipulagsáætlunum. Og enn fremur er þeim gert að kanna möguleika um endurheimt þeirra. Til grundvallar þessari stefnu á að liggja „kortlagning á umfangi víðerna“. Með tilliti til ofangreindar skilgreiningar á hugtakinu víðerni, getur hins vegar reynst erfitt fyrir sveitarfélögin að vita hvað nákvæmlega á að kortleggja.

Lítil hefð er fyrir kortlagningu víðerna hér á landi. Rannveig Ólafsdóttir og Micael Runnström (2011a; 2011b) kortlögðu íslensk víðerni þar sem þau studdust við forsendur samkvæmt skilgreiningu laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Kortlagning þeirra nær til alls landsins og byggir á tiltækum stafrænum gögnum úr IS50v gagnagrunni Landmælinga Íslands. Þau notuðu tvenns konar reiknilíkön, annars vegar við fjarlægðargreiningu (e. distance analysis) sem byggir á því að kortleggja svæði sem eru í ákveðinni fjarlægð frá mannvirkjum samanber byggð, vegum, háspennulínum, o.s.frv. (mynd 2a), og hins vegar við útsýnisgreiningu (e. viewshed analysis) sem byggir á því að kortleggja svæði sem eru án sjónrænna áhrifa frá mannvirkjum (mynd 2b). Niðurstöður þeirra gefa til kynna að víðerni þeki í dag rúmlega 30%

af heildarflatarmáli landsins, þar af er stór hluti jöklar. Byggt á sömu forsendum kortlagði Taylor (2011) breytingar á umfangi lands án sjónrænna áhrifa frá vegum og háspennulínum frá árinu 1936-2010. Niðurstöður hennar sýna að mikið hefur verið gengið á land sem er án slíkra mannlegra áhrifa á því tímabili sem rannsóknin nær til, en samkvæmt niðurstöðum rannsóknar hennar hafa víðerni sem skilgreind eru á þann hátt minnkað um tæp 70% á þessu 75 ára tímabili.

Gæði víðerna eru oft metin út frá stærð víðernisheilda, þ.e. eftir því sem heildin er stærri því meiri eru gæði víðerna (m.a. Hall 1992; Hall og Page, 2014). Þetta endurspeglast í hinum hefðbundnu skilgreiningum víðerna sem grundvallast á stærð þeirra. Árið 1936 reiknaðist svo til allt land innan miðhálendislínunnar sem ein samfelld víðernisheild. Fram að aldamótum 2000 var stöðugt gengið á þessa heild og árið 2010 þakti stærsta einstaka víðernisheildin á miðhálendi Íslands minna en 10,000 km^2, eða einungis um 9% af heildarflatarmáli landsins (mynd 3). Tims (2014) kortlagði víðerni í Vatnajökulsþjóðgarði. Hans kortlagning byggir á sama grunni og kortlagning Rannveigar Ólafsdóttur og Micaels Runnström (2011a), en hann bætti nýjum breytum inn í líkanið til að fá inn atriði sem skipta máli fyrir upplifun fólks á víðernum. Þessar breytur eru dreifing farsímasambands, dreifing mismunandi umferðarþunga á vegum og dreifing hnitaðra ljósmynda sem ferðamenn hafa tekið á hálendi Íslands og deilt á Veraldarvefnum (mynd 4a og 4b). Niðurstöður hans gefa til kynna að hnitaðar ljósmyndir ferðamanna eru gagnleg leið til að sýna dreifingu á fjölda ferðamanna og hvar fjöldinn er mestur og minnstur. Sú breyta, þ.e. fólksfjöldi, hefur mikil áhrif á hvort fólk upplifi einveru eins og lögin gera ráð fyrir. Farsímaþekjan gefur vísbendingar um svæði þar sem mest reynir á getu fólks til að komast ferða sinna án aðstoðar eða stuðningsnets. Umferðarþungi og ásýnd vega veitir enn fremur nákvæmari upplýsingar um áhrif vega og aðgengi á víðernisupplifun, en einungis fjarlægðargreining út frá mismunandi tegundum vega, þar sem tilvera, ásýnd og hljóð eru lykilbreytur í truflun á upplifun.

Mynd 2. Íslensk víðerni samkvæmt kortlagningu Rannveigar Ólafsdóttur og Micael Runnström (2011a; 2011b), sem byggir á skilgreiningu laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Mynd A sýnir útreikninga byggða á fjarlægðargreiningu, og mynd B útreikninga byggða á útsýnisgreiningu.

Mynd 3. Breytingar á umfangi stærstu einstöku víðernisheildar á miðhálendi Íslands frá 1936-2010 (Taylor, 2011; Rannveig Ólafsdóttir, o.fl. 2016)

Mynd 4. Dreifing hnitaðra ljósmynda sem ferðamenn hafa tekið á austurhluta landsins og deilt á veraldarvefnum (mynd A). Mynd B sýnir víðerni í Vatnajökulsþjóðgarði samkvæmt kortlagningu Tims (2014).

Bent hefur verið á (sjá t.d. Karl Benediktsson, 2007; Castree, 2005; Cronon, 1998) að margar lagalegar skilgreiningar á víðernum séu ákveðnum takmörkunum háðar þar sem að mörkin á milli manns og náttúru séu ekki það skýr að unnt sé að draga svæði í einfalda dilka eftir því hvort þau séu náttúruleg eða manngerð. Í þessu samhengi er lögð áhersla á að öll svæði séu mótuð af félags-, menningar- og efnahagslegum gjörðum og verufræðilegri tilveru þeirra hafnað (t.d. Dear, 1994; Proctor, 1998; Woolgar, 1988). Einstaklingar og hópar byggja þannig upp sinn eigin skynjaða eða huglæga veruleika og því getur hugtakið víðerni aldrei verið annað en félagsleg smíð. Með hliðsjón af þessum hugmyndum kortlögðu Rannveig Ólafsdóttir o.fl. (2016) upplifun ferðamanna á víðernum á Suðurhálendinu, sem er fyrsta tilraun hér á landi til að kortleggja upplifun fólks á víðernum. Kortlagning þeirra byggir á forsendum viðhorfskvarðans (e. purism scale) sem greinir ferðamenn í fjóra hópa eftir mismunandi viðhorfi þeirra til umhverfisins, þ.e. frá náttúrusinnum (e. purists) sem kjósa náttúruna í sínu upprunalegasta formi og vilja litla sem enga þjónustu, til þjónustusinna (e. urbanists) sem vilja góða innviði og mikla þjónustu og eru ekki viðkvæmir fyrir röskun á umhverfinu (mynd 5). Niðurstöður þeirra gefa til kynna að þjónustusinnar upplifa svo til allt Suðurhálendið sem víðerni, á meðan að í hugum náttúrusinna er minna en helmingur svæðisins víðerni. Til samanburðar má geta að samkvæmt kortlagningu byggða á lagalegri skilgreiningu (lög nr. 44/1999) telst 49% svæðisins vera víðerni (mynd 6). Þessar niðurstöður

draga fram hversu flókið verkefni það er að skipuleggja miðhálendið með hliðjón af upplifun ferðamanna. Slík skipulagning þarf að grundvallast á markvissri stefnu á því til hvaða markhópa hvert svæði eigi höfða. Slík stefnumótun hefur enn ekki verið unnin.

Mynd 5.Upplifun ferðamanna á víðernum á Suðurhálendinu (Rannveig Ólafsdóttir, o.fl. 2016)

Mynd 6.Hlutfall víðerna á Suðurhálendinu samkvæmt upplifun mismunandi hópa ferðamanna á svæðinu. Til samanburðar er hlutfall víðerna á svæðinu samkvæmt skilgreiningu náttúruverndarlaga nr. 44/1999 (Rannveig Ólafsdóttir, o.fl. 2016)

Fjöldi rannsókna hafa verið gerðar til að meta viðhorf einstaklinga til víðerna og ástæður þeirra til að heimsækja slík svæði (t.d. Kliskey and Kearsley 1993; Higham 1998; Higham o.fl. 2001; Carver o.fl. 2002; Van den Berg og Koole 2006; Flanagan og Anderson 2008; Lupp o.fl. 2011; Anna Dóra Sæþórsdóttir 2010a; 2010b; 2014). Viðhorf einstaklinga til víðerna eru háð mörgum þáttum, svo sem menningar- og félagslegum bakgrunni fólks samanber aldri, kyni og menntun (t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson 2009; Lupp, o.fl. 2011). Hvernig fólk metur gildi víðerna er enn fremur háð staðsetningu og aðstæðum hvers tíma. Samkvæmt Stankey og Schreyer (1987) og og Hall og Page (2014) er algengasta ástæða þess að fólk ákveði að sækja heim víðerni sú að upplifa einveru og ósnortna náttúru, auk þess sem fólk vill komast burt úr erli borgarlífsins. Það er þess vegna mikilvægt í allri skipulagsvinnu að varðveita þessa eiginleika víðerna.

4. Gögn og aðferðir

Til að afla tölulegra gagna um viðhorf og skilning Íslendinga til víðerna, óbyggða og miðhálendisins, og greina upplifun þeirra á víðernum, var stuðst við megindlegar rannsóknaraðferðir. Rannsóknin skiptist í tvennt. Fyrri hluti hennar beinir sjónum að því að láta þátttakendur merkja inn á kort staðsetningu þeirra svæða sem í þeirra huga eru víðerni. Síðari hluti rannsóknarinnar leitast við að greina hvaða skilning Íslendingar leggja í hugtökin óbyggðir, miðhálendi og víðerni, auk þess að reikna út svokallað víðernis-skor (e. wilderness score) en það byggist á mati þátttakenda á mismunandi sviðsmyndum sem studdar eru með ljósmyndum, og út frá því meta víðernis gildi (e. wilderness value) mismunandi svæða.

Til að fá marktækt úrtak á viðhorfi landsmanna var leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem sá um að senda út báðar spurningakannanirnar og greina frumniðurstöður (sjá viðauka A og B). Kannanirnar voru sendar út á netpanel Félagsvísindastofnunar en í honum eru einstaklingar sem valdir eru með tilviljun úr þjóðskrá og endurspeglar samsetningu landsmanna með tilliti til aldurs, kyns og búsetu. Út frá niðurstöðum kannananna er því hægt að alhæfa um viðhorf landsmanna til málefnisins.

Hluti 1: Kortlagning þátttakenda á víðernum

Í fyrri hluta rannsóknarinnar var notaður hugbúnaður sem kallast Map-me[1] og hannaður var af Dr. Jonny Huck sérfræðingi við landfræðideild háskólans í Manchester í Englandi og Dr. Stephen Carver prófessor við landfræðideild háskólans í Leeds í Englandi. Map-me hugbúnaðurinn byggir á því að nýta Google Earth forritið þannig að þátttakendur geti auðveldlega staðsett sig og ferðast heima í stofu um þau svæði sem þeir þekkja. Þátttakendur voru beðnir um að teikna svör sín á kort, eins og t.d. hvar á landinu þeir telji vera óbyggðir. Map-me hugbúnaðurinn byggist á svokallaðri fuzzy-hugmyndafræði. Sú hugmyndafræði gengur út á það að við mat og kortlagningu á staðbundnum fyrirbærum getur oft verið erfitt að draga skarpar línur á milli flokka, og stundum er það hreinlega ekki hægt, samanber áðurnefnda hugmyndafræði um félagslega smíð víðerna og kortlagningu á upplifun. Þess vegna styðst Map-me við úðabrúsa (e. spraycan) í stað þess að láta fólk teikna upp línur. Úðabrúsinn gerir þátttakendum kleyft að úða svæði með óljósum ytri mörkum þar sem punktarnir dreifast handahófskennt umhverfis jaðra þess svæðis sem viðkomandi úðar á kortið. Hver punktur sem hver og einn þátttakandi setur á kortið skráist hins vegar inn í

[1] http://map-me.org/

landfræðilegan gagnagrunn, þar sem hann fær sitt auðkenni, s.s. staðsetningarhnit, IP tölu, upplýsingar um þátttakenda, í hvaða mælikvarða kortið var þegar viðkomandi úðaði á það, o.s.frv. (mynd 7).

Mynd 7.Sýnishorn af svæði sem hefur verið úðað með Map-me úðabrúsanum. Hver punktur fær ákveðin auðkenni og upplýsingar í landfræðilegum gagnagrunni (Huck, o.fl. 2015)

Map-me hugbúnaðurinn var settur upp fyrir Ísland í samvinnu við Dr. Jonny Huck og Dr. Stephen Carver. Í framhaldi af því var hannaður spurningalisti sem samanstóð af þremur spurningum og einni undirbúningspurningu sem hafði þann tilgang að láta þátttakendur kynnast notkun hugbúnaðarins með því að úða á kortið. Spurningakönnunin tók fyrir allt Ísland sem birtist þátttakendum eins og það kemur fyrir í Google Earth forritinu, en þátttakendur gátu sjálfir þysjað inn og út að vild á Íslandskortinu. Í fyrstu spurningunni voru þátttakendur spurðir „Hvar á Íslandi er víðerni að þínu mati?“ og þeir beðnir um að svara með því að úða þau svæði inn á meðfylgjandi Google Earth kort af Íslandi. Þeir voru jafnframt spurðir í opinni spurningu að því hvað geri þau svæði sem þeir kortlögðu að víðerni í þeirra huga. Svör við þessari spurningu voru margvísleg, en eftir kóðun komu fram ellefu flokkar sem endurspegla algengustu svörin.

Í spurningu tvö voru þátttakendur beðnir um að merkja með úðabrúsanum á kortið hvaða víðernissvæði, af þeim sem þeir kortlögðu í fyrri spurningunni, þeir hefðu heimsótt. Í þessu sambandi voru þeir jafnframt spurðir í opnum spurningum hvað það væri sem sameini upplifun þeirra á þessum svæðum og hvort þeir hefðu tekið eftir einhverjum innviðum á

svæðunum. Í þriðju og síðustu spurningunni voru þátttakendur beðnir um að úða á kortið þau víðernissvæði sem þeir telja mikilvægast að varðveita í núverandi mynd.

Map-me spurningakönnunin fór af stað þann 26. janúar og lauk 12. febrúar 2016. Hún náði til 1532 einstaklinga í netpanel Félagsvísindastofnunar (sjá viðauka A). Alls söfnuðust 458 svör, sem þýðir að svarhlutfallið var 30%. Sem svar við kortaspurningunum þremur skráðust alls 2.389.158 punktar í landfræðilegan gagnagrunn, og eru þá punktar sem lentu utan strandlínu ekki taldir með. Við úrvinnslu punktanna voru þeir umreiknaðir í samfellt yfirborð eftir þéttleika. Þannig fengust upplýsingar um fjölda punkta á hvern km^2 (mynd 8).

Mynd 8.Punktaþekja umreiknuð yfir á samfellt yfirborð eftir þéttleika punkta, þar sem dekksta yfirborðið sýnir hvar punktarnir eru þéttastir.

Hluti 2: Hugtök og gildi víðerna í hugum þátttakenda

Síðari hluti rannsóknarinnar byggir að hluta til á skoskri könnun frá árinu 2012 um viðhorf almennings í Skotlandi til víðerna[2]. Markmið skosku könnunarinnar var annars vegar að auka þekkingu á viðhorfi almennings til skoskra víðerna, og hins vegar að nýta þá þekkingu sem breytu inn í kortlagningu á skoskum víðernum, en kortlagning víðerna í Skotlandi á sér töluvert langa sögu. Spurningalisti þeirra grundvallast á neðangreindum fjórum lykilþáttum sem almennt er stuðst við til að kortleggja víðerni og eru jafnframt lykilatriði við mat á gæðum þeirra (t.d. Hall, 1992; Lesslie o.fl., 1991; Lesslie og Taylor, 1985). Þessir fjórir lykilþættir eru:

- náttúrulegu ástand lands og lífríkis (e. the naturalness of the land cover and wildlife)
- tilvist manngerðra þátta og forma (e. the presence of man-made structures and features)
- fjarlægð frá vegum (e. the remoteness from roads)
- landslagi og staðháttum (e. the terrain)

[2] http://www.lochlomond-trossachs.org/looking-after/public-perception-survey-of-wildness-in-scotland-2012/menu-id-414.html

Til að meta viðhorf almennings til þessara þátta settu Skotarnir upp 25 sviðsmyndir sem hver um sig er byggð upp af nokkrum staðhæfingum (e. statements) sem vísa til ofangreindra fjögurra þátta. Hverri staðhæfingu fylgdi myndaspjald sem á voru nokkrar ljósmyndir. Við gerð íslenska spurningalistans var horft til þess skoska hvað varðar uppsetningu samskonar sviðsmyndakönnunar til að geta reiknað út víðernis skor og út frá því metið víðernis gildi. Markmiðið var enn fremur að geta síðar gert samanburðarrannsókn á milli þessara landa. Að öðru leyti var íslenski spurningalistinn aðlagaður að íslenskum aðstæðum og markmiðum þessarar rannsóknar.

Spurningalistinn er settur saman af spurningum sem eru sambland opinna og lokaðra spurninga, sem skiptast upp í eftirfarandi þrjú efnisatriði auk almennra bakgrunnsspurninga:

1) Skilningur á hugtökunum óbyggðir, miðhálendi og víðerni, og viðhorfum til mannvirkja á þeim svæðum. Notaður var 3 punkta kvarði. Vegna fjölda spurninga var spurningunum skipt upp þannig að hver svarandi svaraði tilviljanakennt ákveðnum hlutum spurninganna.

2) Skynjun og viðhorf til víðerna m.t.t. fyrrnefndra fjögurra lykilþátta, þar sem stuðst var við 25 sviðsmyndaspurningar sem settar voru upp að fyrirmynd Skotanna, en aðlagaðar að íslenskum aðstæðum. Áður en þátttakendur svöruðu sviðsmyndaspurningunum voru þeim kynntir þessir fjórir lykilþættir við kortlagningu víðerna og þeim gefin dæmi. Þeir voru síðan beðnir um að velja þá lýsingu sem þeim þótti lýsa upplifun sinni á víðernum best og verst. Hver þátttakandi fékk til skoðunar fimm sviðsmyndaspurningar, sem dreifðust tilviljanakennt á svarendur, þar sem settar höfðu verið saman fimm staðhæfingar sem studdar voru með myndaspjöldum. Uppröðun staðhæfinga/myndaspjalda í hverri sviðsmynd var gerð þannig að hver staðhæfing birtist jafn oft í gegnum alla könnunina.

3) Mat á mikilvægi víðerna á Íslandi þar sem þátttakendur voru spurðir hversu mikilvæg þeir telja víðerni vera sem hluta af íslenskri náttúru og hversu mikilvæg þeir telja ákveðna innviði vera þegar þeir ferðast um íslensk víðerni. Svörin voru á 5 punkta Likert kvarða og var út frá honum reiknað hvaða staðhæfing/myndaspjald þátttakendum þótti best eða verst lýsa upplifun sinni á víðernum. Svör við þessari spurningu voru notuð til að reikna fyrrnefnd víðernis-skor. Það var reiknað þannig að í fyrstu spurningu sér þátttakandi allar fimm lýsingar A, B, C, D og E. Hann velur A sem þá lýsingu sem lýsir víðernum best og C sem þá lýsingu sem lýsir víðernum verst. Fyrir þennan þátttakanda fær lýsing A gildið 2 en lýsing C gildið -2. Eftir standa þrjár lýsingar sem þátttakandi á eftir að taka afstöðu til. Næsta spurning geymir því þessar þrjár lýsingar, B, D og E. Hann velur B sem þá lýsingu sem lýsir upplifun sinni á

víðernum best en E sem þá lýsingu sem lýsir upplifun sinni á víðernum verst. Lýsing B fær því gildið 1 en lýsing E gildið -1. Þannig eru fengnar upplýsingar um röðun atriða hjá hverjum þátttakanda. Í dæminu hér fyrir ofan finnst viðkomandi A lýsa upplifun sinni á víðernum best, B næst best, E næst verst og C verst. D fær því sjálfkrafa gildið 0. Þegar best/verst skorið var reiknað fyrir hverja staðhæfingu var tekið meðaltal fyrir þær breytur sem hver staðhæfing tilheyrði. Þannig má sjá hvaða staðhæfingu þátttakendur völdu að jafnaði sem þá staðhæfingu sem lýsti víðernum best í þeirra huga og þá staðhæfingu sem lýsti víðernum verst í þeirra huga.

Spurningakönnunin var send út til 2199 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands frá 8. til 22. apríl 2016. Alls skilaði sér til baka 641 svar, eða 29% (sjá viðauka B).

5. Niðurstöður

5.1 Umfang íslenskra víðerna í hugum Íslendinga (Map-me)

Í fyrri hluta rannsóknarinnar bárust alls 458 svör, sem þýðir að svarhlutfallið var 30%. Úrtakið skiptist jafnt á milli kynja, en nokkur munur var á aldursdreifingu svarenda og þýðis en svörun var lakari meðal yngri svarenda. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri búsetu og menntun (sjá viðauka A). Lágt svarhlutfall má ef til vill rekja til þess að hér var um nýtt form könnunar að ræða, en þetta var í fyrsta skipti sem Félagsvísindastofnun sendi út könnun þar sem stuðst var við kort og þátttakendur beðnir um að úða eða merkja svörin inn á kort. Þótt spurningarnar væru fáar voru þær opnar, sem ef til vill hefur enn fremur hrakið einhverja frá því að svara. Þar sem um nýtt form á könnun var að ræða, taldi Félagsvísindastofnun mikilvægt að bætt yrði við Map-me könnunina, könnun um hvað þátttakendum þætti um uppsetningu könnunar af þessu tagi og hversu auðvelt og/eða erfitt þeim þætti að nota stafrænan úðabrúsa til að svara spurningunum. Niðurstöður þeirrar könnunar sýna að meirihluti svarenda telur uppsetningu könnunarinnar hafa verið skýra (63%) og átti auðvelt með að svara spurningalistanum (75%). Alls 65% svarenda segja könnunina hafa gengið frekar vel og mjög vel hafi gengið að nota Map-me þegar á heildina er litið, og nokkru fleiri (69%) segjast hafa átt auðvelt með að nota úðabrúsann. Álíka margir (67%) segja könnunina hafa gengið frekar vel og átt auðvelt með að finna á kortinu þau svæði sem þeir höfðu heimsótt. Tæpur helmingur (46%) er á þeirri skoðun að vel hafi gengið að svara opnum spurningum listans, en þriðjungur (31%) er á þeirri skoðun að gengið hafi hvorki vel né illa. Meirihluti svarenda (75%) telur tímann sem það tók að fylla út könnunina vera ásættanlegan. Hins vegar má ætla að þeir sem eru minna færir að nota tölvur og eru ekki vel læsir á kort hafi síður svarað könnuninni. Einnig að þeir sem hafi mikinn áhuga á málefnum hálendisins og víðernum hafi frekar svarað. Því má reikna með að það sé einhver bjögun í niðurstöðum með hliðsjón af þessu. Þessar niðurstöður verða á hinn bóginn að teljast viðunandi fyrir fyrstu tilraun á notkun Map-me hugbúnaðarins hér á landi, og gefa niðurstöðunum á kortlagningu svarenda aukið gildi.

Þátttakendur voru í byrjun beðnir um að teikna með úðabrúsanum inn á meðfylgjandi Google Earth kort af Íslandi hvar á landinu þeir álíta víðerni vera. Niðurstöður sýna að í hugum svarenda er nánast allt land yfir 300m h.y.s. víðerni (mynd 9). Mestu víðernin falla hins vegar innan miðhálendislínunnar, auk Hornstranda og hálendisins á Vestfjörðum, hálendisins á Tröllaskaga, Fjörðum, Melrakkasléttu og Reykjaness (mynd 10). Skilningur svarenda á hugtakinu víðerni er líklegur til að spila stórt hlutverk í kortlagningu þeirra. Viðmælendur

voru því einnig spurðir í opinni spurningu hvaða sameiginlegu einkennum svæðin sem þeir kortlögðu sem víðerni búa

Mynd 9. Umfang víðerna í hugum Íslendinga miðað við 300 m hæðarlínu

Mynd 10.Umfang víðerna í hugum Íslendinga miðað við miðhálendislínuna

yfir og hvað í þeirra huga gerir þau að víðernum. Niðurstöður sýna að langflestir álíta að óbyggðir sameini svæðin, sem útskýrir að miklu leyti þá miklu þekju sem kemur fram í kortlagningunni. Í hugum margra eru víðerni enn fremur svæði þar sem lítið er um mannleg ummerki. Ósnortin náttúra og/eða víðsýni eru einnig þættir sem einkennir víðerni í hugum margra svarenda. Aðrir þættir vega minna (mynd 11).

Mynd 11.Þættir sem helst einkenna víðerni í hugum Íslendinga (N = 231)

Næst voru þátttakendur beðnir um að merkja inn á kortið einungis þau víðernissvæði sem þeir höfðu þegar heimsótt. Niðurstöður sýna að þar fær miðhálendið meira vægi en í fyrri kortlagningunni og að þar skipta samgöngur höfuð máli. Langflestir teikna inn Kjöl (Kjalveg) og Sprengisand (Sprengisandsleið), en aðrir vegir á hálendinu stýra einnig för fólks. Fjallabaksleið, Landmannalaugar og Þórsmörk eru áberandi ásamt Öskju, Laugafelli og Arnarvatnsheiði. Margir hafa einnig heimsótt Hornstrandir og svæðin umhverfis Vaglaskóg, Fjörð, Melrakkasléttu og Víkurnar á milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Eftirtektarvert er að svæðið umhverfis Kleifarvatn á Reykjanesi kemur einnig skýrt inn á kortið (mynd 12). Það sem helst sameinar upplifun svarenda á þeim víðernissvæðum sem þeir hafa heimsótt eru fegurð, kyrrð og ró (mynd 13). Víðátta, stórbrotin náttúra, frelsistilfinning og auðn eru einnig þættir sem eru mörgum hugleiknir þegar þeir hugsa um eigin upplifun á íslenskum víðernum. Til að meta áhrif innviða á upplifun þátttakenda voru þeir jafnframt spurðir hvaða innviðum þeir hefðu tekið eftir á svæðunum sem þeir upplifðu sem víðerni. Langflestir nefna vegi og slóða (mynd 14). Núverandi vegakerfi virðast þannig ekki skerða víðernisupplifun landsmanna. Margir tengja hins vegar fáa og fábrotna innviði einnig við víðerni. Margir nefna

einnig háspennulínur og virkjanir sem hluta af innviðum íslenskra víðerna, sem tengir saman hugtökin óbyggðir og víðerni í hugum svarenda þar sem virkjanir hafa lengi verið hluti íslenskra óbyggða. Þó nokkrir nefna enn fremur í þessu sambandi lélega innviði, og telja að núverandi innviðir, þ.e. aðallega vegir og önnur þjónusta, þurfi að vera betri.

Mynd 12.Svæði sem almenningur hefur heimsótt og upplifir sem víðerni

Mynd 13.Þættir sem sameina upplifun Íslendinga á víðernum (N = 204)

Mynd 14.Innviðir sem eru mest áberandi á víðernum í hugum Íslendinga (N = 163)

Þátttakendur voru að lokum beðnir um að merkja inn á kortið þau víðernissvæði sem í þeirra huga er mikilvægast að varðveita í núverandi mynd (mynd 15). Niðurstöður sýna að svarendur telja mikilvægt að varðveita miðhálendið í heild sinni í núverandi mynd. Þau svæði sem sérstaklega eru þar dregin út eru Veiðivatnasvæðið, Þjórsárver og svæðið umhverfis Trölladyngju og Holuhraun. Hornstrandir og Víkurnar á Austfjörðum eru fólki einnig hugleikin. Mest áberandi á kortinu er hins vegar svæði sem liggur frá Skaftafelli að Grímsvötnum. Óljóst er hvort að þetta svæði sé svarendum almennt meira hugleikið en önnur, eða hvort hér sé um mistök að ræða hjá einhverjum einum eða fleirum svarenda. Þeir þættir sem þátttakendur telja vera helstu ógn við íslensk víðerni eru virkjanir og ferðaþjónusta, en í hugum svarenda skera þessir tveir þættir sig mjög úr þegar þeir hugsa um framtíð víðerna hér á landi (mynd 16). Í hugum margra ógna náttúruhamfarir og loftlagsbreytingar einnig víðernum. Aukið aðgengi og ágangur er jafnframt ógn við tilvist víðerna í hugum margra. Nokkrir nefndu enn fremur skort á skipulagi og stýringu sem ógn, á meðan að aðrir telja enga ógn steðja að íslenskum víðernum.

Mynd 15. Víðernissvæði sem almenningi finnst mikilvægt að varðveita í núverandi mynd

Mynd 16. Helstu ógnir íslenskra víðerna í hugum Íslendinga (N = 154)

5.2 Viðhorf og upplifun almennings á víðernum, óbyggðum og miðhálendinu

Í síðari hluta rannsóknarinnar safnaðist alls 641 svar, sem þýðir að svarhlutfall var 29%. Gögnin voru vigtuð eftir bakgrunnsbreytum, þ.e. kyni, aldri, búsetu og menntun, til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýðinu. Til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa var stuðst við kí-kvaðrat marktektarpróf og Cochran's Q próf til að meta marktækan mun á milli viðhorfa svarenda til ýmissa þátta á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu. Ítarlegar niðurstöður, ásamt bakgrunnsgreiningum er að finna í viðauka B og spurningalistann í heild sinni í viðauka D.

Til að fá yfirlit yfir skilning þátttakenda á hugtökunum víðerni, óbyggðir og miðhálendi Íslands, voru þeir spurðir í opnum spurningum hvað það væri sem fyrst kemur upp í hugann er þeir heyra þessi hugtök. Spurningarnar þrjár voru aðskildar, svo þær hefðu sem minnst áhrif hver á aðra. Niðurstöður á greiningu svara sýnir að töluverður munur er á skilningi svarenda til þessara hugtaka. Hugtakið *víðerni* tengja langflestir við víðáttu. Hálendið og óbyggðir koma einnig upp í huga mjög margra, og margir tengja jafnframt við það ósnortna náttúru og ýmis náttúrueinkenni svo sem fjöll, jökla, jökulár, sanda, hraun, heiðar, o.s.frv. Hugtakið *óbyggðir* tengja langflestir við hálendið og óbyggð svæði. Mjög margir hugsa einnig um ósnortna náttúru og ýmis náttúrueinkenni. Það sem kemur upp í huga langflestra þegar þeir sjá hugtakið *miðhálendi* er ákveðið landsvæði oftast tengt við miðju landsins, svo sem landið milli jökla, Sprengisandur, Vatnajökull, Kjölur, milli Vatnajökuls og Langjökuls og Hofsjökuls, Landmannalaugar, o.s.frv. Ákveðin náttúrueinkenni og óbyggðir koma einnig upp í huga mjög margra, og margir tengja enn fremur hálendið og ósnortna náttúru við hugtakið miðhálendi. Eftirtektaravert er að töluverður fjöldi svarar „veit ekki“ við hugtakið víðerni, sem sker sig úr hvað þetta varðar.

Tafla 1. Merking hugtakanna víðerni, óbyggðir og miðhálendi í huga almennings

Víðerni	**Óbyggðir**	**Miðhálendi**
Víðátta	Hálendið	Landsvæðið á miðju landsins
Hálendið	Óbyggð svæði	Fjölbreytt landslag (fjöll, jöklar, jökulár, sandar, hraun, heiðar, o.s.frv.)
Óbyggðir	Ósnortin náttúra	Óbyggðir
Ósnortin náttúra	Fjölbreytt landslag (fjöll, jöklar, jökulár, sandar, hraun, heiðar, o.s.frv.)	Hálendi
Fjölbreytt landslag (fjöll, jöklar, jökulár, sandar, hraun, heiðar, o.s.frv.)	Mannvirkjalaust landlag	Ósnortin náttúra

Niðurstöður sýna jafnframt að munur er á viðhorfi þátttakanda til hugtakanna víðerni, óbyggðir og miðhálendi þegar þeir eru spurðir hversu viðeigandi ákveðnir þættir eru á víðernum, óbyggðum og á miðhálendinu (mynd 17). Þeir þættir sem eru mest og minnst viðeigandi í hugum þátttakenda eru þeir sömu hvort sem um er að ræða víðerni, óbyggðir eða miðhálendið, þ.e. tækifæri til að geta upplifað kyrrð og ró og einveru ásamt náttúruvernd eru mest viðeigandi. Minnst viðeigandi eru bensínstöðvar, hótel, verslanir, veitingastaðir og fjölbreytt afþreying. Almennt eru þó marktækt fleiri á þeirri skoðun að þessir þættir séu minna viðeigandi í óbyggðum og á miðhálendinu en á víðernum (mynd 17). Mestu munar á viðhorfi svarenda með tilliti til þessara þriggja hugtaka er hvað varðar innviði fyrir ferðamenn. Þ.e. hótel, þjónusta eins verslanir, veitingastaðir og bensínstöðvar, gestastofur, salerni, uppbyggðir vegir með bundnu slitlagi, akbrýr yfir vatnsföll, uppbyggðir göngustígar og gott aðgengi yfir sumarmánuðina, en almennt telja svarendur þessa þætti meira viðeigandi á víðernum en í óbyggðum og á miðhálendinu. Marktækur munur er jafnframt á viðhorfi fólks hvað varðar tækifæri til að upplifa kyrrð, ró, einveru og öræfatilfinningu, sem svarendur telja vera meira í óbyggðum og á miðhálendinu en á víðernum. Þau atriði sem ekki er marktækur munur á viðhorfi svarenda til þessara þriggja hugtaka varða einkum veg- og gönguslóða og orkumannvirki (myndir 17 og18).

*Mynd 17. Viðeigandi innviðir og þjónusta á miðhálendinu, í óbyggðum og á viðernum (*** p < 0,001; ** p < 0,01; * p < 0,05)*

Mynd 18. Samanburður á viðeigandi innviðum og þjónustu á víðernum, óbyggðum og á miðhálendinu

Þátttakendur voru spurðir hversu vel lykilþættirnir fjórir sem þeim voru kynntir, þ.e. i) náttúrulegt ástand lands og lífríkis; ii) tilvist manngerðra þátta og forma; iii) fjarlægð frá vegum; og iv) landslag og staðhættir, lýsa ísenskum víðernum að þeirra mati. Mikill meirihluti þátttakenda (94%) telur þá ná að lýsa víðernum nokkuð og mjög vel.

Til að meta skynjun þátttakenda á víðernum var reiknað út fyrrnefnt víðernis skor sem byggir á viðhorfi svarenda til fyrrnefndra ljósmynda. Niðurstöður sýna að svæði þar sem engin ummerki eru um mannlegar athafnir höfðar sterkar til skynjunar á víðernum en svæði þar sem ummerki eru um mannvist af einhverju tagi (tafla 1; mynd 19). Þeir manngerðu þættir sem mest draga úr víðernisupplifun þátttakenda eru þéttbýli (þorp og bæir) og orkumannvirki. (tafla 2; mynd 20).

Tafla 2. Áhrif náttúruleika svæða á viðhorf almennings til víðerna

Náttúruleiki svæða	**Víðernis-skor**
Svæði einkennist af náttúrlegu gróðurlendi, s.s. skóg- og kjarrlendi, lyngmóa, heiðum, votlendi, og mosagrónum hraunbreiðum	0,95
Svæði einkennist af ógrónum hraunbreiðum, berum klöppum, ógrónum jökulurðum og jökuláraurum	0,90
Svæði einkennist af óstöðugleika (s.s. háhitasvæðum, bergskriðum, jökulám og skriðjöklum)	0,21
Ummerki um landbúnað, s.s. framræsla, ræktuð tún, vegaslóðar, skógrækt, beitilönd, fiskeldi	-0,12
Ummerki um ferðaþjónustu, s.s. göngustígar, göngubrýr, vegaslóðar, utanvegaakstur, fjallaskálar, þjónustumiðstöðvar	-0,74
Manngerð svæði, skipulögð svæði, almenningsgarðar og/eða beitarhólf	-0,99

Mynd 19. Víðernis-skor fyrir náttúruleika svæða

Tafla 3. Áhrif manngerðra þátta á viðhorf almennings til víðerna

Manngerðir þættir	**Víðernis-skor**
Engin sýnileg mannvirki í landslaginu	0,84
Ummerki um búsetu manna fyrr á öldum, t.d. eyðibýli, torfbæir, gangnamannakofar, hlaðnir torf- og steinveggir, vörður, fornminjar	0,65
Ummerki um búsetu manna, t.d. bóndabæir, afskekkt íbúðarhús og/eða sumarhús, girðingar, fjarskiptamöstur, og minni iðnaðarsvæði, s.s. malarnámur	0,08
Ræktaður skógur, uppgræðsla (framandi tegundir)	-0,15
Ummerki um útivist og afþreyingu (s.s. vegaslóðar, göngustígar, göngubrýr upplýsingaskilti, skíðalyftur, stangveiði, og aðrir innviðir ferðamennsku)	-0,59
Löng línuleg form áberandi í landslaginu, s.s. vegir, slóðar, utanvegaakstur, framræsluskurðir, girðingar	-0,64
Orkumannvirki í landslaginu, svo sem virkjanir, vindmyllur, háspennulínur, stíflur og tengd mannvirki	-1,09
Byggð svæði s.s. þorp og bæir	-1,24

Mynd 20. Víðernis-skor fyrir manngerða þætti

Áhrif villt dýralífs og húsdýra í náttúrunni á upplifun þátttakenda á víðernum er nokkuð afgerandi (tafla 3; mynd 21). Þátttakendur telja villt dýralíf jákvætt á upplifun sína á víðernum en búsmala neikvæðan. Allar tegundir landslags án mannlegra ummerkja ýta undir upplifun svarenda á víðernum. Landslag sem einkennist af víðáttu ýtir hins vegar mest undir upplifun víðerna, því víðsýnara og einsleitara sem landslagið er því meira ýtir það undir víðernisupplifun (tafla 4; mynd 22). Hrikaleiki, óstöðugleiki og einangrun hafa minni áhrif á víðernis upplifun þátttakenda en víðáttan.

Tafla 4. Áhrif dýralífs á viðhorf almennings til víðerna

Dýralíf	**Víðernis-skor**
Villt dýralíf má vera í landslaginu, svo sem fuglar, selir, refir og hreindýr	0,40
Búsmali má vera í landslaginu, svo sem nautgripir, hestar og kindur	-0,04

Mynd 21. Víðernis-skor fyrir dýralíf

Tafla 5. Áhrif landslags og staðhátta á viðhorf almennings til víðerna

Landslag og staðhættir	**Víðernis-skor**
Víðáttumikið landslag með fáum áberandi formum og að jafnaði nokkuð auðvelt og öruggt að ferðast um	1,33
Víðáttumikið landslag með nokkrum áberandi formum (s.s. klettabelti, jöklar og stöðuvötn) og er fremur erfitt að ferðast um það, en nokkuð öruggt	1,19
Einsleitt landslag með engum áberandi landslagsformum og auðvelt er að ferðast um	0,74
Landslag einkennist af hrikaleika og mörgum áberandi formum og litum (s.s. klettabeltum og -brúnum, jöklum, jökulurðum, jökulám, og/eða úfnum hraunum) og er erfitt og óöruggt yfirferðar	0,68
Óstöðugt landslag sem erfitt og óöruggt er að ferðast um, s.s. lausar skriður í fjalllendi, háhitasvæði, jökulurðir, jökulár og jökuláraurar	0,60

Mynd 22. Víðernis-skor fyrir landslag og staðhætti

Áhrif mismunandi fjarlægðar frá vegum og slóðum á skynjun þátttakenda til víðerna virðist vera lítil sem engin, og ef eitthvað, þá virðist minni fjarlægð stuðla frekar að upplifun á víðernum (tafla 5; mynd 23). Hér getur verið að orðalag spurningarinnar, þ.e. að orðið „slóði“ hafi verið notað í spurningunni, hafi truflað svarendur þar sem margir þeirra upplifa slóða sem hluta af hluta íslenskra óbyggða. Mögulegt er að niðurstöður hefðu orðið aðrar ef spurningin hefði verið „frá uppbyggðum vegi“ eða „frá þjóðvegi“.

Tafla 5. Fjarlægð frá vegum á viðhorf almennings til víðerna

Fjarlægð	**Víðernis-skor**
1 klukkustundar gangur frá næsta vegi eða slóða	-0,09
3 klukkustunda gangur frá næsta vegi eða slóða	-0,24
6 klukkustunda gangur frá næsta vegi eða slóða	-0,29
12 klukkustunda gangur frá næsta vegi eða slóða	-0,21
24 klukkustunda gangur frá næsta vegi eða slóða	-0,22

Mynd 23. Víðernis-skor fyrir fjarlægð frá vegi eða slóða

Í næsta hluta spurningarlistans, sem sneri að mikilvægi og verndun víðerna, voru þátttakendur beðnir um að svara því hversu mikilvæg þeir telja víðerni vera sem hluta af íslenskri náttúru. Alls 94% svarenda telja víðerni vera mjög mikilvæg (66%) og mikilvæg (28%). Alls 70% þátttakenda telja að ógn steðji að íslenskum víðernum, en 30% álíta svo ekki vera. Þeir sem telja ógn steðji að víðernum voru jafnframt spurðir hvaða aðgerðir þeir telji vera mikilvægar til að minnka þá ógn. Flestir telja mikilvægast að koma á skilvirkri stjórnun ferðamennsku (83%), að takmarka uppbyggingu virkjana (63%), að tilnefna víðerni sem sérstök verndarsvæði í lögum (60%) og að takmarka uppbyggingu raflína og fjarskiptamarstra á víðernum (58%). Aðrir þættir vega minna (mynd 24).

Mynd 24. Aðgerðir sem eru mikilvægar til að varðveita íslensk víðerni

Þátttakendur voru að lokum spurðir um mikilvægi nokkurra atriða sem snerta þá sjálfa þegar þeir ferðast um íslensk víðerni. Sama spurning hefur verið notuð í mörgum rannsóknum hér á landi (sjá t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2007; 2012) til að greina tegundir ferðamanna eftir viðhorfskvarðanum, og var höfð hér með til afla gagna til að greina Íslendinga með tilliti til viðhorfskvarðans. Niðurstöður sýna svarendum finnst mikilvægast að ekki sjáist ummerki eftir utanvegaakstur. Að hægt sé að njóta kyrrðar og upplifa óraskaða náttúru eru jafnframt atriði sem svarendur setja ofar öðrum þegar kemur að mikilvægum þáttum þegar þeir ferðast um íslensk víðerni. Svarendum finnst enn fremur mikilvægt að geta gengið í náttúrunni án þess að sjá mannvirki eða ummerki um ferðamennsku. Upplýsingar um skoðunarverða staði, merktar gönguleiðir, göngubrýr, og skipulögð tjaldsvæði eru atriði sem ekki eru eins mikilvæg í hugum svarenda (mynd 25).

Mynd 25. Atriði sem Íslendingar telja mikilvæg þegar þeir ferðast um víðerni

Þátttakendur leggja þannig mikla áherslu á óspillta ásýnd náttúrunnar á víðernum, en telja minna mikilvægt að hafa uppbyggingu eins og áningarstaði eða lagða göngustíga. Þessi niðurstaða í samræmi við aðrar niðurstöður þessarar könnunar sem varpa ljósi á mikilvægi þess að upplifa kyrrð og ró á víðernum og að mannvirki eigi að vera einföld og fá. Viðhorf þátttakenda til víðerna kristallast fyrst og fremst í því að mannvirki í hvaða mynd sem er minnka upplifun þeirra á víðernum, fyrir utan ummerki um búsetu manna fyrr á öldum, s.s. eyðibýli, tóttir, vörður og aðrar fornminjar. Greining niðurstaðna eftir viðhorfskvarðanum sýnir að meirihluti svarenda (51,8%) flokkast sem þjónustusinnar (e. non-purists), tæp 40% sem almennir eða hlutlausir ferðamenn (e. neutralists), einungis tæp 8% sem náttúrusinnar (e. purists) og minna en 1% sem eindregnir náttúrusinnar (e. strong purists) (mynd 26). Kannanir meðal ferðamanna á ýmsum náttúruskoðunarstöðum landsins sýna hins vegar að hlutlausir ferðamenn eru rúmlega helmingurinn á þeim stöðum, þjónustusinnar um fjórðungurinn og náttúrusinnar um 18-45% (Anna Dóra Sæþórsdóttir 2012; 2014).

Mynd 26. Greining almennings með tilliti til viðhorfskvarðans

6. Umræður og ályktanir

6.1 Skilningur Íslendinga á hugtökunum víðerni, óbyggðir og miðhálendi

Hugtökin víðerni og óbyggðir eru gömul í íslensku máli, og eru bæði mjög lýsandi fyrir sína upprunalegu merkingu. Þannig standa óbyggðir fyrir óbyggt eða óbyggilegt land og víðerni fyrir mikla víðáttu (Ásgeir Blöndal Magnússon, 1989; Íslensk orðabók, 2002; Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, e.d.). Þessi merking orðanna endurspeglast í niðurstöðum þessarar rannsóknar sem sýna að Íslendingar skynja hugtakið víðerni fyrst og fremst sem víðáttumikið landslag. Í hugum Íslendinga stendur hugtakið óbyggðir nær lagalegri skilgreiningu stjórnvalda á hugtakinu víðerni eins og það er sett fram í lögum nr. 44/1999, 60/2013 og 109/2015. Hugtakið víðerni virðist þannig ekki hafa náð að festa sig í tungumálinu í sinni þröngu lagalegu merkingu á þeim aldarfjórðungi sem liðinn er frá því byrjað var að nota það í opinberum gögnum. Niðurstöður sýna jafnframt að í hugum Íslendinga einkennist miðhálendi landsins af óbyggðum og er hugtakið miðhálendi á þann hátt nær hugtakinu óbyggðir en víðerni. Uppruni og notkun þessara hugtaka í gegnum aldirnar má að öllum líkindum rekja til íslenskra búskaparhátta og búsetulandslags sem að miklu leyti hafa einskorðast við legu landsins og staðhætti. Með tilliti til þessa skilnings landsmanna á þessum þremur hugtökum eru Íslendingar marktækt umburðarlyndari gagnvart mannvirkjum á víðernum en hvort tveggja á miðhálendinu og í óbyggðum.

Erlendis hefur orðræðan um hugtakið víðerni (e. wilderness) og skilgreiningu þess varað lengi og fjöldinn allur af bókum, greinum og skýrslum verið ritaðar án þess að sameiginleg alþjóðleg skilgreining hafi náðst (t.d. Gladden, 2002; Williams, 2000; Hall, 1992; Lesslie og Taylor, 1985). Þessi vandkvæði á skilgreiningu hugtaksins endurspeglast í lagalegri skilgreiningu hugtaksins hér á landi, en fyrsta opinbera skilgreining hugtaksins sem birtist í íslenskum lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd byggir á bandarísku víðernislöggjöfinni frá árinu 1964 (The Wilderness Act, 1964) sem leggur áherslu á náttúrlegt ástand umhverfisins og vöntun manngerðra þátta. Í nýjum náttúruverndarlögum nr. 60/2013 og endurskoðun þeirra nr. 105/2015 er hugtakinu breytt, þ.e. í stað *ósnortið víðerni* er nú komið *óbyggt víðerni*, en skilgreiningunni er hins vegar lítið breytt og hún er áfram byggð á sömu forsendum. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að hugtakið óbyggðir er rótgróið í íslensku máli og flestum skýrt, en hvort hugtakið víðerni verði skýrara með því að skeyta ‚óbyggt‘ fyrir framan, er hins vegar óljóst. Ein ástæða þess að erfiðlega hefur gengið að sameinast um skilgreiningu á hugtakinu víðerni er að mörkin á milli manngerðs og náttúrulegs umhverfis

eru óskýr og oft háð upplifun hvers og eins. Vegna þessa hefur orðið stöðugt algengara að útfæra skilgreiningu víðerna með tilliti til upplifunar og viðhorfa fólks, og taka þannig upplifun með í kortlagningu á víðernum (t.d. Kliskey and Kearsley 1993; Higham 1998; Higham o.fl. 2001; Carver o.fl. 2002; Van den Berg og Koole 2006; Flanagan og Anderson 2008; Lupp o.fl. 2011). Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa til kynna að við kortlagningu íslenskra víðerna sé mikilvægt að endurskoða bæði hugtakanotkun og skilgreiningu víðerna.

6.2 Upplifun Íslendinga á víðernum

Niðurstöður map-me könnunarinnar sýna að almennt skynja Íslendingar mest allt land sem fellur innan miðhálendislínunnar sem víðerni, en einnig óaðgengileg svæði eins og Hornstrandir, Fjörður, Skaga, Melrakkasléttu og Víkurnar á milli Norðfjarðar og Reyðarfjarðar. Hvað varðar miðhálendið, þá má greina mun á suður- og norðurhálendinu, þar sem landsmenn skynja minni víðerni innan miðhálendislínunnar á suðurhálendinu en norðurhálendinu en þar ná víðerni töluvert út fyrir línuna að Mývatnssveit undanskilinni. Virkjanaframkvæmdir ásamt auðveldu aðgengi á suðurhálendinu geta mögulega átt þátt í því að landsmenn upplifa minni víðerni á suðurhálendinu en á norðurhálendinu. Það er hins vegar eftirtektarvert að aðgengi vélknúinna tækja virðist að mestu leyti stýra heimsóknum landsmanna um íslensk víðerni, sérstaklega á miðhálendinu. Vélknúin umferð virðist þannig vera ráðandi breyta í upplifun og þekkingu landsmanna á víðernum landsins. Niðurstöður á greiningu Íslendinga eftir viðhorfskvarðanum styður þetta, en rúmur helmingur landsmanna flokkast sem þjónustusinnar, þ.e. fólk sem gerir kröfur um þjónustu, þægindi og gott aðgengi. Einungis tæp 8% landsmanna flokkast sem náttúrusinnar og eindregna náttúrusinna er vart að finna.

Það að landsmenn skynja hálendi landsins sem víðerni er í samræmi við skilning þeirra á hugtökunum miðhálendi og óbyggðir. Á þessu er hins vegar athygliverðar undantekningar eins og til dæmis Reykjanesið sem liggur steinsnar frá iðandi borgarlífi en landsmenn upplifa stóran hluta þess sem víðerni. Það er í samræmi við nýlegar niðurstöður á viðhorfum ferðamanna við Seltún og við Trölladyngju (Anna Dóra Sæþórsdóttir, o.fl. 2015), en mikill meiri hluti (97%) þeirra telur ósnortin víðerni vera hluta af aðdráttarafli þessara svæða. Þetta er á hinn bóginn í mótsögn við þá skoðun að gæði víðerna aukist eftir því sem þau eru óaðgengilegri og einangraðri (Lesslie o.fl., 1991; Hall, 1992). Seltún er í dag mjög aðgengilegt og svæðið við Trölladyngju einnig þótt vegurinn þangað sé grófur malarvegur. Á þessu svæði er hins vegar engin föst búseta í dag og svæðið því óbyggðir í hugum margra

landsmanna. Innviðir eru auk þess fábrotnir, fyrir utan gamlar tilraunaborholur við Seltún, raflínur og vegi. Tilvist þessara innviða er í samræmi við innviði sem landsmenn upplifa sem hluta af óbyggðum Íslands á hálendinu og virðast í núverandi ástandi og magni vera ásættanlegir sem hluti íslenskra víðerna.

Í hugum almennings er það fyrst og fremst hugmyndin um óbyggðir og lítil mannleg ummerki sem gerir svæði að víðernum, auk víðsýni sem er tengt skilningi Íslendinga á hugtakinu víðerni. Þannig höfðar víðáttumikið landslag með fáum áberandi formum sem fremur auðvelt og öruggt er að ferðast um, meira til upplifunar Íslendinga á víðernum, en landslag sem einkennist af hrikaleika, óstöðugleika og mörgum áberandi formum sem er erfitt og óöruggt yfirferðar, sem eru þeir þættir sem höfða mest til víðernisupplifunar almennings í Skotlandi (þ.e. Wilson-Smith, o.fl. 2012). Þá er einnig eftirtektarvert að náttúruleg gróðurlendi höfða sterkar til víðernis upplifunar Íslendinga en ógróin, óstöðug og óörugg landsvæði. Möguleg útskýring þessa getur verið að náttúruleg gróðurlendi eru fágæt hér á landi, og slíkar gróðurvinjar á til dæmis hálendinu hafa löngum verið álitnar verðmæti í hugum landsmanna og verið segull ferðalanga á hálendinu. Á hinn bóginn eiga Íslendingar ógrynni af ógrónum, óstöðugu og óöruggu landsvæði sem í gegnum söguna hefur oft verið helsti óvinur landsmanna í lífsbaráttu þeirra. Það sem hins vegar helst sameinar upplifun Íslendinga á þeim víðernissvæðum sem þeir þekkja eru kyrrð og ró, sem er í góðu samræmi við erlendar rannsóknir (t.d. Lesslie og Taylor, 1985; Higham, 1998; Higham, o.fl. 2001; Boyd og Butler, 2009).

Niðurstöður úr ljósmyndakönnuninni sýna á hinn bóginn ótvírætt að mannvirki hafa almennt neikvæð áhrif á gildi víðerna í hugum landsamanna. Undantekning frá þessu eru fjallaskálar og gamalt búsetulandslag, s.s. vörður og gamlir gangamannaskálar. Þetta er í samræmi við viðhorf ferðamanna á miðhálendinu (t.d. Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012), og styður enn fremur hugmyndina um að víðerni eru félagsleg smíð. Hvað má vera á víðernum er þannig háð tíðaranda og efnahagsstöðu hvers tíma og oft eru viðhorf til nýrra mannvirkja neikvæðari en til þeirra sem hafa sögulega skírskotun (Sonini, o.fl. 2011). Athyglisverð mótsögn við þetta er hins vegar að vegir og háspennulínur eru hluti þeirra innviða sem flestir Íslendingar tengja við víðerni í map-me könnuninni. Vegir, slóðar, háspennulínur og virkjanir eru þeir innviðir sem almenningur tekur mest eftir þegar þeir ferðast um svæði sem þeir upplifa sem víðerni. Þessir innviðir virðast þannig ekki skerða hugmyndina um víðerni í hugum Íslendinga. Þegar þeir hins vegar bera saman landslag með og án þessara mannvirkja skorar mannvirkjalaust landslag marktækt hærra. Þetta misræmi getur mögulega verið vegna þess að vegir og

háspennulínur hafa lengi verið hluti íslenskra óbyggða. Vegir og orkumannvirki eru aftur á móti einnig þeir þættir sem, ásamt ferðaþjónustu, eru álitnir vera helsta ógn íslenskra víðerna, sérstaklega á miðhálendinu. Þetta bendir til þess að núverandi magn þessara innviða hafi ekki afgerandi áhrif á þá þætti sem sameina upplifun Íslendinga á víðernum, þ.e. fegurð, kyrrð og ró. Líklegt má telja að ef þessum mannvirkjum fjölgar umfram núverandi þolmörk þá upplifi Íslendingar ekki lengur þessi svæði sem víðerni.

6.3 Gildi víðerna í hugum Íslendinga

Gildi víðerna í hugum Íslendinga felast fyrst og fremst í því að geta upplifað kyrrð, ró, og einveru, ásamt tækifæri til náttúruverndar. Þrátt fyrir að flokkast upp til hópa sem þjónustusinnar og hlutlausir eða almennir ferðamenn telja flestir landsmenn að þjónusta á borð við bensínstöðvar, hótel, verslanir, veitingastaði og fjölbreytta afþreyingu, ásamt orkuvinnslu minnki gildi víðerna. Ummerki um mannvist í hvaða mynd sem er, fyrir utan fornminjar, hafa neikvæð áhrif á gildi víðerna, því meira eftir því sem ummerkin eru meiri og stærri.

Miðhálendi Íslands er eitt af fjórum meginviðfangsefnum í þingsályktun um landsskipulagsstefnu 2015-2026 sem samþykkt var á vordögum 2016. Þar er lögð áhersla á verndun víðerna hálendisins með þeim rökum að þau hafi mikið náttúruverndargildi og eru mikilvæg útivistarsvæði. Þingsályktunin undirstrikar þannig að víðerni eru mikils virði fyrir Íslendinga og því beri að vernda þau. Einnig er í ályktuninni bent á mikilvægi þess að skerða ekki óbyggðaupplifun og náttúrugæði á miðhálendinu, en að sama skapi er kveðið á um að leitast skuli við að stuðla að góðri aðstöðu fyrir ferðamenn. Í þessu er fólgin ákveðin þversögn sem endurspeglar viðhorf landsmanna til óbyggða og víðerna í þessari rannsókn, sem að miklu leyti byggjast á rómantískri sýn um ónsnortna náttúru á sama tíma og landsmenn vilja geta ferðast þar um á auðveldan og þægilegan hátt. Þetta er þannig viss áskorun fyrir framtíðina að leysa úr. Landsskipulagsstefnan kveður enn fremur á um mikilvægi þess að auka þekkingu og skilning á því hvernig Íslendingar skynja víðerni og er þetta verkefni einn liður í að bæta úr því.

Breytt landnýting á miðhálendinu og á öðrum óbyggðum svæðum landsins kallar á aukna þekkingu og yfirsýn yfir þessar breytingar. Öðruvísi er ekki unnt að átta sig á eðli og umfangi þeirra. Uppbygging innviða í hvaða formi sem er breytir ásýnd lands og þar með upplifun fólks sem um það fer. Vöktun á breytingum á ástandi lands í óbyggðum ásamt kortlagningu á þessum breytingum er þannig grundvallarforsenda fyrir sjálfbæra þróun íslenskra víðerna.

7. Þakkir

Rannsóknirnar voru styrktar af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Við viljum jafnframt þakka faghópi tvö í 3. áfanga rammaáætlunar fyrir þeirra stuðning við rannsóknirnar. Þorvarði Árnasyni viljum við enn fremur þakka fyrir gott og gefandi samstarf. Johannes Teodorus Welling hjálpaði við að velja og setja upp ljósmyndirnar, Anna Mjöll Guðmundsdóttir og Þorkell Stefánsson hjálpuðu við úrvinnslu gagna, Ágústa Þorbergsdóttir; Guðrún Halla Gunnarsdóttir, Rósfríður Sigvaldadóttir og Hallþór Jökull Hákonarson hjálpuðu við öflun gagna. Þau fá öll okkar bestu þakkir fyrir. Ingibjörg Elsa Björnsdóttir sá um prófarkalestur og fær einnig okkar bestu þakkir.

Heimildir

Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2007). Planning nature tourism using the purist scale. Í: Helgi Gestsson og Ingjaldur Hannibalsson (ritstj.), *14th Nordic Symposium in Tourism and Hospitality Research* (bls. 12-20). Akureyri: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010a). Planning nature tourism in Iceland based on tourist attitudes. *Tourism Geographies*, 12(1), 25–52.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2010b). Tourism struggling as the wilderness is developed. *Scandinavian Journal of Hospitality and Tourism*, 10(3), 334–357.

Anna Dóra Sæþórsdóttir. (2011). *Wilderness tourism in Iceland – land use and conflicts with power production*. The Geographical Society of Northern Finland and The Department of Geography, University of Oulu, Oulu. (Doktorsritgerð við landfræðideild háskólans í Oulu í Finnlandi).

Anna Dóra Sæþórsdóttir, (2012). *Ferðamennska á miðhálendi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur*. Land- og ferðamálafræðistofa: Reykjavík.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2014). Preserving wilderness at an emerging tourist destination. *Journal of Management and Sustainability*, 4(3), 65-78, doi:10.5539/jms.v4n3p65

Anna Dóra Sæþórsdóttir, Birgitta Stefánsdóttir og Þorkell Stefánsson. (2015). *Viðhorf ferðamanna til nokkurra virkjana í 3. áfanga rammaáætlunar*. Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands. Reykjavík.

Anna Dóra Sæþórsdóttir , Hall, C. M., & Saarinen, J. (2011). Making wilderness: tourism and the history of the wilderness idea in Iceland. *Polar Geography*, 34(4), 249-273. doi: 10.1080/1088937x.2011.643928

Anna Dóra Sæþórsdóttir og Þorkell Stefánsson, Þ. (2009). *Töluleg greining á viðhorfum ferðamanna á Kili*. Reykjavík: Land- og ferðamálafræðistofa Háskóla Íslands. Reykjavík.

Ásgeir Blöndal Magnússon (1989). *Íslensk Orðsifjabók*. Reykjavík: Forlagið

Boyd, S. W. & Butler, R. W. (2009) Tourism and the Canadian national park system: protection, use and balance, Í: W. Frost & C. M. Hall (ritstj.) *Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change*, 102-113 (London: Routledge).

Carver, S., Evans, A., & Fritz, S. (2002). Wilderness attribute mapping in the United Kingdom. *International Journal of Wilderness*, 8(1), 24–29.

Castree, N. (2005). Nature. London: Routledge, 281 bls.

Cronon, W. (1998). The trouble with wilderness; or, getting back to the wrong nature. Í: W. Cronon (ritstj.), *Uncommon ground: Rethinking the human place in nature*, 69-90. New York: Norton & Co.

Dear, M. (1994). Who's afraid of postmodernism? Reflections on Symanski and Cosgrove. *Annals of the Association of American Geographers*, 84, 295-300.

Flanagan, T. S., & Anderson, S. (2008). Mapping perceived wilderness to support protected areas management in the San Juan National Forest, Colorado. *Forest Ecology and Management*, 256(5), 1039–1048.

Fredman, P. & Sandell, K. (2009). 'Protect, preserve, present' – the role of tourism in Swedish national parks. Í: W. Frost & C. M. Hall (ritstj.) *Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change*. 197-208, (London: Routledge).

Fréttir frá Íslandi (1879-1880). Landsstjórn. *Fréttir frá Íslandi*, 8. árgangur, 1. tölublað.

Gladden, J. N. (2002). Origin of political conflict in arctic wilderness areas. *USDA Forest Service Proceedings* RMRS-P-26. 2002

Hall, C. M. (1992). *Wasteland to World Heritage: Preserving Australia's Wilderness* (Melbourne:University Press)

Hall, C. M. & Frost, W. (2009) Tourism and national parks: International perspectives on development, histories and change. Í: F. Warwick & H. C. Michael (ritstj.) *Introduction: The Making of the National Park Concept* 3-15 (London: Routledge).

Hall, C. M., & Page, S. J. (2014). *The geography of tourism and recreation: environment, place, and space* (4. útg.). New York: Routledge

Higham, J. (1998). Sustaining the physical and social dimensions of wilderness tourism: The perceptual approach to wilderness management in New Zealand. *Journal of Sustainable Tourism*, 6(1), 26–51.

Higham, J., Kearsley, G. W., & Kliskey, A. D. (2001). Multiple wilderness recreation management. Sustaining wilderness values – Maximising wilderness experiences. Í: G. Cessford (ritstj.), *Thestate of wilderness in New Zealand* (81–93). Wellington: Department of Conservation.

Huck, J., Whyatt, D. And Coulton, P. (2015). Evaluating the Spraycan: understanding participant interaction with a PPGIS. Sótt. 15. apríl 2016 á http://leeds.gisruk.org/abstracts/GISRUK2015_submission_13.pdf

Íslensk orðabók (2002). Ritstj. Mörður Árnason, 3. Útg. Reykjavík, Edda.

Karl Benediktsson (2007) "Scenophobia", geography and the aesthetic politics of landscape. *Geografiska Annaler*, 89 B(3), 203-217.

Kliskey, A. D., & Kearsley, G. W. (1993). Mapping multiple perceptions of wilderness in southern New Zealand. *Applied Geography*, 13, 203–223.

Lesslie, R. G., Maslen, M., Canty, D., Goodwins, D. & Shields, R. (1991) *Wilderness on Kangaroo Island, national wilderness inventory: South Australia* (Canberra: Australian Heritage Commission), 23 bls.

Lesslie, R. G. & Taylor, S. G. (1985) The wilderness continuum concept and its implications for Australian wilderness preservation policy. Biological Conservation, 32(4), bls. 309-333.

Lupp, G., Höchtl, F., & Wende, W. (2011). Wilderness- A designation for Central European landscapes? *Land Use Policy*, 28, 594–603.

Lög nr. 19/1964, Skipulagslög

Lög nr. 73/1993, Lög um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, ásamt síðari breytingum

Lög nr. 44/1999 um Náttúruvernd

Lög nr. 60/2013 um Náttúruvernd

Lög nr. 109/2015 um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, með síðari breytingum

Rannveig Ólafsdóttir og Micael Runnström (2011a). How Wild is Iceland? Assessing Wilderness Quality with Respect to Nature Based Tourism. *Tourism Geographies*, 13 (2) bls. 280-298.

Rannveig Ólafsdóttir og Micael Runnström (2011b). Endalaus víðátta? Mat og kortlagning íslenskra víðerna. *Náttúrufræðingurinn*. 81(2), 61-68

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans. (e.d.) Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Sótt 25. apríl á www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn.

Proctor, J. D. (1998). The social construction of nature: Relativist accusations, pragmatist and critical realist responses. *Annals of the Association of American Geographers*, 88(3), 352-376.

Soini, K., Pouta, E., Salmiovirta, M., Uusitalo, M., & Kivinen, T. (2011). Local residents' perceptions of energy landscape: The case of transmission lines. *Land Use Policy*, 28(1), 294-305. doi: 10.1016/j.landusepol.2010.06.009

Stankey, G. H., & Schreyer, R. (1987). Attitudes toward wilderness and factors affecting visitor behaviour: A state-of-knowledge review. *General Technical Report, Intermountain Research Station, USDA Forest Service*, No. INT-220, pp. 246–293.

Stjórnartíðindi, B-deild, 13. október 1994 (auglýsing nr. 565).

Taylor, V.F., (2011). GIS assessment of Icelandic wilderness from 1936-2010. MS ritgerð við Líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands. http://hdl.handle.net/1946/9876

The Wilderness Act (1964). Section 2. (c) Definition of wilderness. Public Law 88-577 (16 U.S. C. 1131–1136). 88th Congress, Second Session, September 3, 1964. [Bandaríska víðernislöggjöfin 1964. Skilgreining á víðernum. Almenn lög 88-577; 88. þing, annar hluti, 3.9.1964].

Tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu (1990). 113. löggjarfarþing Alþingis. Sótt 20. apríl á https://www.althingi.is/altext/pdf/113/s/0113.pdf

Tillaga til þingsályktunar um varðveislu ósnortinna víðerna (1996). 121. Löggjafarþing Alþingis, 27. mál. Sótt 20. apríl á www.althingi.is/altext/121/s/0027.html.

Tillaga til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu 2015-2016 145. löggjafarþing, 101. mál. (Þingskjal 101/101). Sótt 16. apríl á http://www.althingi.is/altext/145/s/0101.html

Tims, W., (2014). New approaches for wilderness perception mapping: A case study from Vatnajökull National Park, Iceland. http://hdl.handle.net/1946/18738

Umhverfisráðuneytið 2002: Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.

Van den Berg, A. E., & Koole, S. L. (2006). New wilderness in the Netherlands: An investigation of visual preferences for nature development landscapes. *Landscape and Urban Planning*, 78, 362–372.

Vísindavefurinn (e.d.) Ágætu vísindamenn, hvert er flatarmál þess sem í daglegu tali nefnist miðhálendi Íslands? Sótt 25. apríl 2016 á http://www.visindavefur.is/svar.php?id=67980

Williams, D. R. (2000). Personal and social meanings of wilderness: constructing and contesting places in a global village. *USDA Forest Service Proceedings* RMRS-P-14. 2000.

Wilson-Smith, E., Crockett, J., og McCoard, S. (2012). Public perception Survey of Wildness in Scotland. Sótt 30. desember 2015 á http://www.lochlomond-trossachs.org/images/stories/Looking%20After/PDF/publication%20pdfs/Wildness_survey_report.pdf

Woolgar, S. (1988). *Science, the very idea*. Chichester: Tavistock.

Þingsályktun nr. 19/145 um landsskipulagsstefnu 2015-2026. Þingskjal nr. 1027, samþykkt á Alþingi 16. Mars 2016. Sótt 25. apríl 2016 á http://www.althingi.is/altext/145/s/1027.html

Þingsályktun nr. 13/121 um varðveislu ósnortinna víðerna. Þingskjal nr. 1212, samþykkt á Alþingi 12. maí 1997. Sótt 25. apríl 2016 á www.althingi.is/altext/121/s/1212.html

Viðaukar

A. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar á Map-me könnuninni

B. Niðurstöður Félagsvísindastofnunar könnun um viðhorf Íslendinga

C. Spurningalisti I

D. Spurningalisti II

Viðauki A

Niðurstöður Félagsvísindastofnunar á Map-me könnuninni

VIÐHORF OG UPPLIFUN ÍSLENDINGA Á VÍÐERNUM

UNNIÐ FYRIR RANNVEIGU ÓLAFSDÓTTUR

Febrúar 2016

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

LÝSING Á RANNSÓKN

Unnið fyrir	Rannveigu Ólafsdóttur
Markmið	Að kanna viðhorf og upplifun Íslendinga til víðerna á Íslandi
Gagnaöflun	26.jan – 12.feb 2016
Skýrsluskil	16.feb 2016
Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Helgi Guðmundsson
Hreinsun og úrvinnsla	Helgi Guðmundsson
Skýrslugerð	Helgi Guðmundsson

EFNISYFIRLIT

Inngangur 3
Framkvæmd og heimtur 4
Úrvinnsla 5
Bakgrunnsupplýsingar 6
Niðurstöður 10

INNGANGUR

Í þessari könnun var kannað viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum. Í janúar 2016 voru þátttakendur meðal annars spurðir hvar víðerni væru á Íslandi að þeirra mati og hvaða víðernissvæða viðkomandi hafði heimsótt. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum lokaðra spurninga í þessari könnun.

Könnunin náði til 1532 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

Könnunin var tvískipt, annarsvegar var könnun sem hélt utan um bakgrunnsupplýsingar þátttakenda og nokkrar spurningar sem athuguðu hve vel gekk að merkja inn víðerni Íslands. Hinsvegar var könnun sem geymdi hugbúnað til að merkja víðerni á Íslandi inn á kort með úðabrúsa og nokkrar opnar spurningar. Í þessari skýrslu er einungis greint frá bakgrunnsbreytum og breytum sem mældu hve vel tókst til að svara spurningum um víðerni á Íslandi.

FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tekið var 1532 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Gagnaöflun hófst 26.janúar 2016 og lauk 12.febrúar 2016. Alls svöruðu 458 könnuninni og er svarhlutfallið því 30% (sjá töflu i).

Tafla i. Framkvæmd könnunarinnar

Framkvæmdamáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	26.01.16-12.02.16
Fjöldi í úrtaki	1532
Fjöldi svarenda	458
Svarhlutfall	30%

Í töflu ii má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri og búsetu. Eins og sjá má er munur á aldursdreifingu svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt, en svörun var lakari í yngsta aldurshópnum en búist var við. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði.

Tafla ii. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og búsetu svarenda og þýðis

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
Kyn *				
Karl	253	55,2%	124.384	49,9%
Kona	205	44,8%	124.710	50,1%
Aldur ***				
18-25 ára	27	5,9%	39.021	15,7%
26-35 ára	69	15,1%	46.406	18,6%
36-45 ára	98	21,4%	42.379	17,0%
46-55 ára	103	22,5%	42.904	17,2%
56-65 ára	81	17,7%	37.010	14,9%
66-75 ára	46	10,0%	23.350	9,4%
76 ára og eldri	34	7,4%	18.024	7,2%
Búseta				
Höfuðborgarsvæði	311	67,9%	160.461	64,4%
Landsbyggð	147	32,1%	88.633	35,6%
Menntun ***				
Grunnskólamenntun	17	5,9%	71.730	32,6%
Framhaldsskólamenntun	97	33,9%	82.300	37,4%
Háskólamenntun	172	60,1%	66.100	30,0%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; $^{*}p < 0.05$, $^{**}p < 0.01$, $^{***}p < 0.001$

ÚRVINNSLA

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu. Í töflum skýrslunnar eru hlutfallstölur reiknaðar út frá vigtuðum niðurstöðum og aðeins eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnsþáttunum kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, tekjum og hvort börn séu á heimilinu. Sums staðar sýna súlurnar í töflunum samlagningu tveggja hlutfalla sem birtast í töflunni. Í þeim tilvikum getur það gerst að hlutfallið við súlurnar sé ekki nákvæmlega það sama og það hlutfall sem fæst þegar hlutföllin í töflunni eru lögð saman. Ástæða þessa er að í töflunum er námundað að næsta aukastaf.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0{,}05$), þ.e. meðal Íslendinga í janúar 2016. Tvær stjörnur þýða að innan við 1% líkur séu á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0{,}01$) og þrjár stjörnur þýða að innan við 0,1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0{,}001$). Reynist marktektarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er skammstöfunin *óg* notuð.

BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Tafla 1. Kyn

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Karl	253	226	49%	4,6%	49%
Kona	205	232	51%	4,6%	51%
Alls	**458**	**458**	**100%**		

Tafla 2. Aldur

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
18-29 ára	50	79	17%	3,5%	17%
30-44 ára	135	124	27%	4,1%	27%
45-59 ára	152	139	30%	4,2%	30%
60 ára og eldri	121	116	25%	4,0%	25%
Alls	**458**	**458**	**100%**		

Tafla 3. Búseta

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Höfuðborgarsvæði	311	298	65%	4,4%	65%
Landsbyggð	147	160	35%	4,4%	35%
Alls	**458**	**458**	**100%**		

Tafla 4. Hver er hjúskaparstaða þín?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Einhleyp(ur)	36	54	18%	4,4%	18%
Í sambúð	57	58	20%	4,6%	20%
Í hjónabandi/í staðfestri samvist	170	155	53%	5,7%	53%
Fráskilin(n)/skilin(n) að borði og sæng	8	10	3%	2,1%	3%
Ekkja/ekkill	22	16	6%	2,6%	6%
Fjöldi svara	**293**	**293**	**100%**		
Svarar ekki	165	165			
Alls	**458**	**458**			

Í greiningu niðurstaðna er hjúskaparstöðu skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Ekkja/ekkill* og *Fráskilin(n)/skilin að borði og sæng* eru sameinaðir.

Tafla 5. Búa börn, 17 ára eða yngri, á heimili þínu?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Engin börn á heimilinu	172	178	61%	5,6%	61%
Börn á heimilinu	123	115	39%	5,6%	39%
Fjöldi svara	**295**	**293**	**100%**		
Svarar ekki	163	165			
Alls	**458**	**458**			

Tafla 6. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Grunnskólanám eða minna	17	31	11%	3,6%	11%
Starfsnám	17	28	10%	3,5%	10%
Iðnnám - verklegt nám á framhaldsskólastigi	40	56	20%	4,6%	20%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	40	84	30%	5,3%	30%
Nám í sérskóla á háskólastigi	12	5	2%	1,5%	2%
Grunnnám í háskóla	89	46	16%	4,2%	16%
Meistaranám í háskóla	64	32	11%	3,7%	11%
Doktorsnám	7	3	1%	1,2%	1%
Fjöldi svara	**286**	**286**	**100%**		
Svarar ekki	172	172			
Alls	**458**	**458**			

Í greiningu niðurstaðna er menntun skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Starfsnám* og *Iðnnám* eru sameinaðir undir heitinu *Verklegt nám á framhaldsskólastigi* og allt nám á háskólastigi er sameinað undir heitinu *Háskólanám* .

Tafla 7. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Í launuðu starfi	192	168	59%	5,7%	59%
Atvinnurekandi	7	6	2%	1,7%	2%
Í námi	19	36	13%	3,9%	13%
Á eftirlaunum	38	40	14%	4,0%	14%
Öryrki	12	19	7%	2,9%	7%
Atvinnuleitandi	8	10	4%	2,1%	4%
Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi	2	5	2%	1,5%	2%
Heimavinnandi	1	0	0%	0,4%	0%
Fjöldi svara	**279**	**284**	**100%**		
Svarar ekki	179	173			
Alls	**458**	**457**			

Í greiningu niðurstaðna er stöðu á vinnumarkaði skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Sjálfstætt starfandi* og *Atvinnurekandi* eru sameinaðir og flokkarnir *Á eftirlaunum, Öryrki, Atvinnuleitandi, Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi, Heimavinnandi* og *Annað* eru sameinaðir undir heitinu *Annað*.

Tafla 8. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur aðalstarf þitt?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	41	25	14%	5,1%	14%
Sérfræðingar með háskólapróf	88	48	26%	6,4%	26%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	22	28	16%	5,3%	16%
Skrifstofufólk	8	10	6%	3,4%	6%
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	25	35	19%	5,8%	19%
Bændur og fiskimenn	5	7	4%	2,8%	4%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverkafólk	15	19	11%	4,5%	11%
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	3	4	2%	2,2%	2%
Ósérhæft starfsfólk	2	4	2%	2,1%	2%
Fjöldi svara	**209**	**180**	**100%**		
Ekki í starfi	80	109			
Svarar ekki	169	168			
Alls	**458**	**458**			

Í greiningu niðurstaðna er starfi skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Stjórnendur* og *Sérfræðingar* eru sameinaðir, flokkarnir *Tæknar* og *Iðnaðarmenn* eru sameinaðir, flokkarnir *Skrifstofufólk* og *Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk* eru sameinaðir og flokkarnir *Bændur og fiskimenn, Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk* og *Ósérhæft starfsólk* eru sameinaðir.

Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
200 þús. kr. eða lægri	22	42	17%	4,6%	17%
201-300 þús. kr.	36	48	19%	4,9%	19%
301-400 þús. kr.	30	32	13%	4,2%	13%
401-500 þús kr.	40	35	14%	4,3%	14%
501-600 þús. kr.	39	35	14%	4,3%	14%
601-700 þús. kr.	30	24	10%	3,7%	10%
701-900 þús. kr.	30	19	8%	3,3%	8%
901 þús.-1,1 milljón kr.	17	8	3%	2,2%	3%
Yfir 1,1-1,3 milljón kr.	4	2	1%	1,1%	1%
Yfir 1,3-1,5 milljón kr.	2	2	1%	1,0%	1%
Yfir 1,5 milljón kr.	3	2	1%	1,0%	1%
Fjöldi svara	**253**	**250**	**100%**		
Svarar ekki	205	208			
Alls	**458**	**458**			

Í greiningu niðurstaðna er einstaklingstekjum skipt í fimm flokka þar sem flokkarnir *401-500 þús. kr.* og *501-600 þús. kr.* eru sameinaðir og allir flokkar yfir 600 þús. kr. eru sameinaðir undir heitinu *Hærri en 600 þús. kr*.

Tafla 10. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns, það er þínar og maka þíns, að jafnaði á mánuði fyrir skatt?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
200 þús. kr. eða lægri	8	18	8%	3,3%	8%
201-300 þús. kr.	13	14	6%	3,0%	6%
301-400 þús. kr.	20	27	11%	4,0%	11%
401-500 þús kr.	31	40	17%	4,7%	17%
501-600 þús. kr.	18	24	10%	3,8%	10%
601-700 þús. kr.	21	19	8%	3,4%	8%
701-900 þús. kr.	39	33	14%	4,3%	14%
901 þús.-1,1 milljón kr.	35	24	10%	3,8%	10%
Yfir 1,1-1,3 milljón kr.	29	24	10%	3,8%	10%
Yfir 1,3-1,5 milljón kr.	20	11	4%	2,6%	4%
Yfir 1,5 milljón kr.	12	7	3%	2,1%	3%
Fjöldi svara	**246**	**241**	**100%**		
Svarar ekki	212	217			
Alls	**458**	**458**			

Í greiningu niðurstaðna er heimilistekjum skipt í fimm flokka. Einstaklingstekjur þeirra sem eiga ekki maka eru skráðar sem heimilistekjur þeirra.

NIÐURSTÖÐUR

Til að kanna hve vel tókst til að merkja inn víðerni Íslands voru nokkrar spurningar lagðar fyrir í lok könnunar.

Tafla 11. Hversu vel eða illa gekk þér að merkja inn svæði með úðabrúsa?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög illa	12	15	5%	2,5%	5%
Frekar illa	35	36	12%	3,7%	12%
Hvorki vel né illa	45	41	14%	3,9%	14%
Frekar vel	110	113	38%	5,5%	38%
Mjög vel	97	91	31%	5,3%	31%
Fjöldi svara	**299**	**295**	**100%**		
Svarar ekki	159	163			
Alls	**458**	**458**			

Tafla 11.1. Hversu vel eða illa gekk þér að merkja inn svæði með úðabrúsa? – Bakgrunnsgreinining

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Mjög eða frekar vel
Heild	5%	12%	14%	38%	31%	295	299	69%
Kyn								
Karl	3%	11%	14%	37%	34%	150	179	71%
Kona	7%	13%	13%	40%	27%	145	120	67%
Aldur *								
18-29 ára	7%	14%	1%	46%	31%	56	27	78%
30-44 ára	2%	14%	9%	42%	33%	83	95	75%
45-59 ára	3%	7%	21%	36%	33%	80	94	69%
60 ára og eldri	9%	13%	21%	31%	25%	77	83	57%
Búseta								
Höfuðborgarsvæði	5%	10%	14%	37%	34%	192	207	71%
Landsbyggð	6%	15%	13%	41%	25%	103	92	66%
Hjúskaparstaða								
Einhleyp(ur)	0%	16%	4%	37%	43%	52	35	80%
Í sambúð	7%	15%	14%	34%	30%	58	57	64%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	5%	10%	18%	40%	27%	150	167	67%
Skilin(n) eða ekkill/ekkja	0%	14%	7%	41%	39%	23	28	80%
Börn á heimili *								
Engin börn á heimilinu	4%	12%	19%	33%	33%	169	167	65%
Börn á heimilinu	5%	13%	5%	46%	31%	114	122	76%
Menntun								
Grunnskólanám	11%	16%	6%	44%	23%	30	16	67%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	5%	9%	12%	43%	31%	80	54	73%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	5%	13%	15%	35%	32%	80	38	67%
Háskólanám	2%	12%	14%	37%	35%	86	172	72%
Staða á vinnumarkaði **								
Í launuðu starfi	3%	11%	11%	44%	30%	161	188	75%
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0%	16%	34%	0%	51%	6	7	51%
Í námi	5%	11%	0%	40%	44%	36	19	83%
Annað	11%	15%	21%	29%	24%	70	59	54%
Starfsstétt								
Stjórnendur og sérfræðingar	1%	10%	15%	40%	34%	73	129	74%
Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk	7%	17%	19%	35%	22%	44	35	57%
Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk	0%	10%	5%	55%	30%	42	31	84%
Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk	0%	13%	0%	42%	45%	15	10	87%
Tekjur einstaklings ***								
Lægri en 200 þús. kr.	17%	22%	0%	28%	33%	42	22	61%
201-300 þús. kr.	4%	11%	11%	41%	32%	47	35	73%
301-400 þús. kr.	1%	1%	3%	71%	24%	31	29	95%
401-600 þús. kr.	0%	15%	14%	41%	30%	67	77	70%
Hærri en 600 þús. kr.	3%	11%	15%	37%	35%	56	85	71%
Heimilistekjur *								
Lægri en 300 þús. kr.	0%	19%	3%	42%	36%	30	20	78%
301-500 þús. kr.	5%	14%	8%	49%	24%	66	50	72%
501-700 þús. kr.	9%	2%	3%	48%	37%	41	38	86%
701-900 þús. kr.	1%	20%	14%	34%	31%	31	38	65%
Hærri en 900 þús. kr.	2%	8%	19%	35%	35%	64	95	70%

0% 25% 50% 75% 100%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla 12. Hversu vel eða illa gekk þér að finna á kortinu þau víðernis svæði sem þú hafðir heimsótt?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög illa	14	17	6%	2,7%	6%
Frekar illa	20	24	8%	3,2%	8%
Hvorki vel né illa	59	54	19%	4,5%	19%
Frekar vel	117	123	42%	5,7%	42%
Mjög vel	85	72	25%	5,0%	25%
Fjöldi svara	**295**	**290**	**100%**		
Svarar ekki	163	168			
Alls	**458**	**458**			

Tafla 12.1. Hversu vel eða illa gekk þér að finna á kortinu þau víðernis svæði sem þú hafðir heimsótt? – Bakgrunnsgreinining

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Mjög eða frekar vel
Heild	6%	8%	19%	42%	25%	290	295	67%
Kyn								
Karl	6%	6%	14%	46%	27%	145	176	74%
Kona	5%	10%	24%	39%	22%	144	119	61%
Aldur								
18-29 ára	1%	6%	22%	60%	10%	53	26	70%
30-44 ára	6%	10%	19%	38%	27%	82	94	65%
45-59 ára	3%	9%	18%	39%	31%	80	93	70%
60 ára og eldri	11%	8%	17%	39%	26%	75	82	65%
Búseta								
Höfuðborgarsvæði	7%	8%	20%	43%	23%	187	203	66%
Landsbyggð	4%	9%	17%	42%	27%	103	92	69%
Hjúskaparstaða								
Einhleyp(ur)	1%	11%	19%	50%	19%	51	34	69%
Í sambúð	7%	4%	23%	39%	26%	57	56	65%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	5%	9%	17%	43%	27%	151	168	69%
Skilin(n) eða ekkill/ekkja	0%	16%	22%	29%	33%	20	26	62%
Börn á heimili								
Engin börn á heimilinu	5%	7%	21%	38%	29%	168	166	67%
Börn á heimilinu	5%	12%	16%	47%	21%	111	120	67%
Menntun								
Grunnskólanám	4%	4%	11%	62%	19%	30	16	80%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	5%	6%	14%	50%	25%	76	52	75%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	10%	13%	18%	36%	24%	81	38	59%
Háskólanám	3%	7%	25%	35%	30%	86	172	65%
Staða á vinnumarkaði								
Í launuðu starfi	5%	8%	14%	46%	27%	160	187	73%
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0%	15%	19%	16%	51%	6	7	66%
Í námi	5%	0%	30%	47%	18%	36	19	65%
Annað	8%	15%	19%	36%	23%	68	58	58%
Starfsstétt								
Stjórnendur og sérfræðingar	2%	10%	20%	42%	27%	73	129	68%
Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk	11%	8%	7%	52%	23%	44	35	74%
Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk	5%	9%	22%	33%	33%	40	30	65%
Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk	0%	0%	0%	71%	29%	15	10	100%
Tekjur einstaklings *								
Lægri en 200 þús. kr.	9%	3%	28%	45%	15%	42	22	60%
201-300 þús. kr.	3%	4%	11%	48%	34%	45	34	82%
301-400 þús. kr.	1%	14%	27%	28%	30%	29	28	58%
401-600 þús. kr.	9%	14%	7%	45%	25%	66	76	70%
Hærri en 600 þús. kr.	2%	9%	14%	48%	27%	55	84	75%
Heimilistekjur								
Lægri en 300 þús. kr.	0%	4%	27%	52%	17%	29	19	69%
301-500 þús. kr.	3%	10%	22%	37%	27%	64	49	65%
501-700 þús. kr.	5%	7%	9%	52%	27%	40	37	80%
701-900 þús. kr.	1%	11%	7%	57%	23%	29	36	80%
Hærri en 900 þús. kr.	9%	10%	14%	34%	32%	65	96	66%

0% 25% 50% 75% 100%

Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001
óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla 13. Hversu vel eða illa gekk þér að svara opnum spurningum um víðernis svæði?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög illa	22	23	8%	3,1%	8%
Frekar illa	41	45	16%	4,2%	16%
Hvorki vel né illa	91	89	31%	5,3%	31%
Frekar vel	84	84	29%	5,2%	29%
Mjög vel	55	48	17%	4,3%	17%
Fjöldi svara	**293**	**288**	**100%**		
Svarar ekki	165	170			
Alls	**458**	**458**			

Tafla 13.1. Hversu vel eða illa gekk þér að svara opnum spurningum um víðernis svæði? – Bakgrunnsgreinining

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Mjög eða frekar vel
Heild	8%	16%	31%	29%	17%	288	293	46%
Kyn								
Karl	6%	12%	33%	32%	18%	145	174	49%
Kona	10%	19%	29%	27%	16%	144	119	42%
Aldur **								
18-29 ára	3%	16%	39%	34%	8%	57	28	42%
30-44 ára	6%	22%	25%	28%	18%	82	94	47%
45-59 ára	4%	14%	33%	25%	24%	76	91	49%
60 ára og eldri	19%	9%	28%	30%	13%	74	80	44%
Búseta								
Höfuðborgarsvæði	10%	14%	29%	31%	17%	184	201	47%
Landsbyggð	4%	18%	34%	26%	17%	104	92	43%
Hjúskaparstaða								
Einhleyp(ur)	1%	26%	13%	41%	18%	51	34	59%
Í sambúð	4%	12%	41%	25%	18%	56	55	43%
Í hjónabandi/staðfestri samvist	8%	15%	32%	27%	17%	150	167	45%
Skilin(n) eða ekkill/ekkja	12%	8%	42%	25%	13%	19	25	38%
Börn á heimili *								
Engin börn á heimilinu	8%	14%	25%	33%	20%	165	163	53%
Börn á heimilinu	5%	18%	40%	23%	14%	112	120	37%
Menntun *								
Grunnskólanám	4%	4%	45%	41%	6%	30	16	47%
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	11%	9%	31%	33%	16%	77	52	49%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	7%	28%	21%	24%	20%	78	36	44%
Háskólanám	6%	15%	32%	27%	20%	85	171	47%
Staða á vinnumarkaði								
Í launuðu starfi	6%	12%	32%	33%	17%	160	186	50%
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	0%	34%	16%	0%	51%	6	7	51%
Í námi	5%	12%	34%	35%	14%	36	19	48%
Annað	14%	20%	27%	24%	15%	66	56	39%
Starfsstétt								
Stjórnendur og sérfræðingar	5%	13%	27%	34%	21%	73	129	55%
Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk	8%	24%	38%	23%	7%	42	33	30%
Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk	5%	15%	31%	27%	22%	42	31	49%
Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk	0%	8%	29%	42%	21%	15	10	63%
Tekjur einstaklings								
Lægri en 200 þús. kr.	9%	15%	40%	25%	11%	42	22	35%
201-300 þús. kr.	12%	14%	24%	22%	27%	44	33	50%
301-400 þús. kr.	3%	33%	17%	35%	12%	31	29	47%
401-600 þús. kr.	7%	13%	32%	33%	15%	64	75	48%
Hærri en 600 þús. kr.	2%	10%	35%	34%	18%	53	83	52%
Heimilistekjur								
Lægri en 300 þús. kr.	8%	21%	22%	35%	14%	28	18	50%
301-500 þús. kr.	2%	25%	26%	32%	16%	66	50	48%
501-700 þús. kr.	10%	11%	41%	19%	19%	38	36	38%
701-900 þús. kr.	9%	5%	34%	38%	13%	29	36	51%
Hærri en 900 þús. kr.	7%	15%	29%	28%	21%	64	95	50%

0% 25% 50% 75% 100%

Marktækur munur er á hópum; **p* < 0,05, ***p* < 0,01, ****p* < 0,001
óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófs.

Tafla 14. Hversu vel eða illa gekk þér að nota Map-Me forritið á heildina litið?

	Fjöldi fyrir vigtun	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög illa	16	19	6%	2,8%	6%
Frekar illa	26	25	9%	3,2%	9%
Hvorki vel né illa	60	60	21%	4,6%	21%
Frekar vel	105	104	36%	5,5%	36%
Mjög vel	88	84	29%	5,2%	29%
Fjöldi svara	**295**	**291**	**100%**		
Svarar ekki	163	167			
Alls	**458**	**458**			

Tafla 14.1. Hversu vel eða illa gekk þér að nota Map-Me forritið á heildina litið? – Bakgrunnsgreinining

	Mjög illa	Frekar illa	Hvorki vel né illa	Frekar vel	Mjög vel	Fjöldi eftir vigtun	Fjöldi fyrir vigtun	Mjög eða frekar vel
Heild	6%	9%	21%	36%	29%	291	295	65%
Kyn								
Karl	6%	5%	22%	35%	31%	145	175	66%
Kona	6%	12%	19%	36%	27%	145	120	63%
Aldur ***								
18-29 ára	1%	6%	18%	51%	24%	57	28	75%
30-44 ára	5%	8%	14%	31%	41%	82	94	72%
45-59 ára	0%	6%	30%	35%	29%	80	93	64%
60 ára og eldri	19%	13%	20%	29%	19%	73	80	48%
Búseta								
Höfuðborgarsvæði	9%	6%	19%	36%	30%	188	204	66%
Landsbyggð	2%	13%	23%	35%	27%	103	91	62%
Hjúskaparstaða								
Einhleyp(ur)	1%	3%	13%	50%	34%	51	34	84%
Maður hefur alist upp við víðerni
Köllum við það ekki perlur okkar íslensku náttúru

Komast úr þéttbýli draga að sé andan úti í náttúrunni finnast maður vera einn
Já
Jafnvægi í náttúrunni.
Island er fyrst og fremst nàttùruauðlind
Hverslags spurning er þetta ?
Hvað annað ætti það að vera en hluti af íslenskri náttúru.
Hluti af sögu landsins
Hér er fámenn þjóð í stóru landi þannig að það er víðfeðmt !
Heilaþveginn?
Hefur alltaf verið , og við seljum ósnorttið.
Hafa einhvern ósnortinn stað
Gott fyrir ferðamennsku að hafa landsvæði sem eru að mestu ósnortin en samt með þokkalgt aðgengi
Gott að komast úr þessu daglega amstri í ósnorta náttúru til að hlaða batteríið
Get ekki sett orð á svarið
Gerir náttúruna sérstaka
Gerir ísland meirri sérstakara og sýnir fjölbreyttileika náturunar
Gaman að sjá og skoða svæði sem eru langt í burtu og jöklar í fjarska
Fyrir þá sem þurfa á því að halda til að hlaða batteríin og komast í sterk tengsl við náttúruna
Fyrir framtíðina
Frelsi og friðsæld
Frelsi
Fjölbreytt náttúra
Fínt að hafa eitthvað svona öðruvísi.
Fallegt víðerni hreinsar hugann.
Fallegt land. Ætti að ferðast um það allt á frekar auðveldan hátt
Fallegt að njóta náttúrunnar, en huga þarf einnig að öðrum þáttum í náttúru Íslands
Ég veit ekki
Eykur fjölbreytni Íslands
Er ákaflega mikilvert vegna kirrðar og friðar sem viðkomandi finnur fyrir upp til fjalla við að hlusta á þögnina.Er ekki vissum, það séu margir sem átti sig á því hvað ég er að tala um.Því í dag er enginn útivistar maður maður með mönnum nema hann sé á gönguskóm með pikkandi göngu stöfum og því miður þarafleiðndi hlustar eingöngu tranpiðí skónum og pjakkið í stöfunum.Hef upplifað hvorutvegga
Endurspegla landið okkar
Eilíf upplifun
Eg veit ekki
Dæmi um ósnerta náttúru
Bara það er hluti af Íslandi - ákveðin upplifun við alla þessa víðáttu
Bara
Bara
Alt land er mikilvægt
Af því að það er fallegt.
Af því að það er eðlilegast á Íslandi, það er íslenskt

Telja víðerni vera hvorki mikilvæg eða né ekki mikilvæg sem hluta af íslenskri náttúru
Víðernin eru lítils virði nema þar sé eitthvað sem hægt er að nýta, og á Íslenskum víðernum er það fátt annað en orka.
Þetta er orðin þvílík þvæla að það er ekki mögulegt að svara þessu gáfulega
Allar fyrri spurningar hafa verið kjaftæði. Víðerni eru ekki helvítis ferðamannaljósmyndir og allir sem hafa ferðast þarna um vita það. Skriður eru ekki það hættulegar. Veðrið er það. Oftast sér maður ekki neitt, það eru ástæður afhverju þetta er flest allt í eyði nema hliðiná vegum. Ef þið ætlið að fá einhver almennileg svör, vitið um hvað í fjandanum þið eruð að spyrja
Veit ekki
Þvi égg vil að við framleiðum og virkjum eins mikið og vð getur á okkar landi .Ekki vera bara með land sem enginn sér. Mér finsnt kárahnjúkar æðislegir hefði aldrei farið þangað nema af þ´vi ða .þar er virkjun :)
Engin sérstök ástæða.
Ég get ekki útskýrt það neitt sérstaklega.
Mér finnst þessi könnun alveg útúr kú og ég sár yfir því að borga skatta til þessarar stofnunar sem H'I er því miður
Víðerni Íslands er þess eðlis að við verðum að nýta það, gera það þó með virðingu og varkárni við náttúruna. Öll boð og bönn eru aldrei af hinu góða á landinu okkar sem við þurfum að nýta vel og af skynsemi.
Kjánaleg spurning
Hluti af heildinni
Þar sem ég skilgreini víðerni landfræðilega, má segja að víðerni sé alltaf hluti af íslenskri náttúru.
Þekki ekki víðerni
Ég skilgreini víðerni greinilega ekki á sama hátt og þessi könnun gerir.
Það er engin leið að koma í veg fyrir það. Það bara er.
Af því mér finnst það þannig

Skil ekki víðerni
ER ekki hrifinn af sand og grjótauðnum
Við búum fledt í bæ eða borg svo það viljum við greinilega
Ég hef aldrei verið neitt endilega heillaður af ósnortnum víðernum.
Því mér finnst bara almennt mikilvægt að hafa ósnorta náttúru í kringum mig ekki endilega eitthvað sérstakt víðerni
Vil forðast allar öfgar. Er t.d. ekki á því að það eigi að virkja allar sprænur landsins - til að selja raforkuna ódýrt úr landi og láta almenning borga sem jú neyðist til að kveikja ljós hjá sér, hita upp og elda o.s.frv. Mér finnst aftur á móti háspennulínur ekki vera lýti á landslagi. Sé ekki að hægt sé að stöðva ferðamannastrauminn upp um allar koppagrundir - troðandi allt niður. Það verður að bregðast við því með bættri þjónustu og samgöngum.
Því ég er alveg fullkomlega sáttur við að rölta um í elliðárdalnum jafnt sem heiðmörk eða eitthvað annað lengra frá. Kemst í ágætis snertingu við náttúrubarnið í mér þar eins upp á jökli
Hef ekki skoðun á þessu
Hef engan áhuga á því
Telja víðerni vera alls ekki mikilvæg eða ekki mikilvæg sem hluta af íslenskri náttúru
Ég vil rækta sem mest land til að koma í veg fyrir uppblástur
Víðerni eru í fyrsta lagi ekki til í íslenskri náttúru og hugtakinu hefur hins vegar verið nauðgað yfir í merkingarleysi af ákveðinni stjórnmálahreifingu hér á landi

Opin svör við spurningunni „Hversu mikilvægar telur þú eftirfarandi aðgerðir vera til að varðveita íslensk víðerni?“

Það sem búið er að gera á hálendinu er búið að gera en má vernda ósnert svæði
Vekja til vitundarvakningu um málefni víðerna
Uppbygging og stjórnun sé í höndum viðkomandi sveitarfélags sem hefur þekkingu á viðkomandi svæðum
Uppbygging ferðaþjónustu verði í útjöðrum víðerna
Takmarka plöntun skóga svo víðáttan skerðist ekki
Takmarka fólks fjölda sem er að heimsækja Ísland
Takmarka ágang erlendra ferðamanna
Stöðva nú þegar sumarhúsapláguna sem veður stjórnlítið yfir allt. Banna hrossabeit á íslenzkum afréttum (víðernum). Hross í íslenzkum úthaga eru að verða eins og heilögu kýrnar á Indlandi.
Stýra betur því sem er í gangi nú þegar eins og ferðaþjónustu. Og fræðsla, fræðsla, fræðsla, aldrei of mikið af fræðslu um það hvernig ganga á um landið og nátturuna.
Stoppa hóp reiðar með ferðamenn
Setja um Stærri Raflínur sem geta flutt meira rafmagn
Setja línur í jörðu
Rusl
Leggja niður samtökin Landvernd
Leggja góða vegi til að koma í veg fyrir utanvegaakstur og almenningur geti notið landsins
Langtímasín, samvinna
Kynning og fræðsla
Huga að íslenskum gróðri
Halda vöku okkar.
Hafa heildar sýn
Grafa nauðsynlegar línur
Gera allt miðhálendið ofan afréttagirðinga að þjóðgarði
Ganga vel um
Færa raflínur undir jörð og vera meðvituð um nýjustu tækni
Fræða um náttúruna.
Friða miðhálendið
Enga plönturasista hérna
Ekki skerða rétt til veiða
Byggja salerni
Búa til þjóðgarð á miðhálendinu
Breyta hugarfari
Banna þyrluflug
Banna lausagöngu búfjár
Auka eftirlit og viðutlög
Aðalega passa mannskepnuna
Að merkja slóða sem til eru og viðhalda þeim. Auka upplýsingagjöf til ferðamanna til þess að þeir viti hvað megi og hvað ekki
Að byggingar falli að landslaginu
Að auka virðingu okkar sjálfra fyrir landinu
Umgengni ferðamanna við landið. (Salerni, ruslafötur og gámar)
Takmarka fólksfjölda, gæti orðið of mikið álag og átroðningur, sóðalegur umgangur þar sem klósett vantar m.a.
Passa upp á arfleifð okkar og ósnerta fegurð landsins
Hlúa að landinu
Hert eftirlit.
Endurheimta votlendi

Opin svör við spurningunni „Að lokum, hefur þú einhverjar athugasemdir varðandi þessa könnun?“

Ömurlega leiðinleg könnun og þar af leiðandi er ekkert að marka svör við svona langloku.
Þetta er hálfgert torf og þessi títtnefndu hugtök hafa svipaða merkingu í mínum augum
Held að mörg hugtök sem verið sé að vinna með í þessari könun séu frekar óljós og mjög misjafnt hvernig fólk skilgreinir þau. Held að það mætti jafnvel frekar en að spyrja út í óbbygðir og víðerni byrja á því að gefa silgreiningu á óbyggðum og víðernum því nú eru til formlegar skilgreiningar á hvoru tveggja. Sumar spurningarnar stangast þá svo á við upplifun mans og skilgreiningar, eru óbyggðir t.d. ennþá óbyggðir ef þar er hótel og eru Landmannalaugar þá ennþá óbyggðir þar sem nú er búseta starfsmanns þar allt árið? Öryggi ferðamanna er annað. Er öryggi ferðamanna á víðernum að auka almenna fræðslu og getu fólks í rötun og að bregðast við óhöppum, eða er öryggi ferðamanna að byggja mannhæðar háar girðingar sem enginn geti komist yfir til að fólk fari ekki of nærri klettabrún. Ég hef t.d. mjög misjafnar skoðanir á þessu tvennu. Ekki gott að snúa við skölum. Ekki samkvæmt í gegnum könnunina hvort að "Mjög sammála" sé hægra eða vinstrameginn á skalanum.
Veit ekki ennþá hvað Víðerni er eða hvað það nú hét og var þá erfitt að svara spurningum sem beindis að því
Skipuleggja þarf staði m.t.t. Aðgengis, ákveða hvaða staðir skulu vera aðgengilegir og þá þolmörk þeirra, einnig þau stýra magni umferðar um þau svæði sem eru þinna aðgengileg og tryggja eðlilegt þjónustustig á báðum gerðum/öllum flokkum svæða til að koma í veg fyrir eyðileggingu
Hugtök (víðerni, óbyggðir .. ekki skýr að mínu áliti.
Einhver mesta bull könnun sem ég hef tekið þátt í og þar með eru svör mín hugsamlega bull eins og könnunin er bull að mínu mati. Spurningar ruglingslegar og sí endurteknar en hafa sennilega þann tilgang að fá "rétta" niðurstöðu fyrir kaupenda könnunarinnar. Ótraustvekjandi könnun.
Myndamálið er ekki alveg að gera sig, of mikil áhersla á einhverjar jöklamyndanir
Hún var mjög rugglandi á tímabili, sérstaklega með myndirnar
Nei bara sáttur
Vantaði stundum passandi svarmöguleika fyrir sveitamanninn í mér..
Er þetta fyrir Landsvirkju?
Ég er ekki viss um að ég hafi alltaf skilið markmiðið með spurningunum um upplifun mína af víðerni. Spurt var hvað átti best við um upplifun mína á víðerni og hvað átti verst við. Ég áttaði mig ekki á hvort að ég átti að lýsa því hvað ég héldi að skilgreiningin á orðinu væri, hvort að ég ætti að lýsa draumavíðerninu mínu eða því að lýsa því sem ég tel vera núverandi ástand víðernis. Ég valdi að lýsa draumavíðerninu mínu svo að þið getið skilið samhengi svaranna.
Það er ótrúlegur menntahroki að vera sífellt að spyrja um "menntun" - í svona könnunum. Faglega séð getur það engu máli skipt þí allri fæðast með heilbrigða dómgreind - og dómgreind er ekki kennd í skólum. Sama með launin - laun og dómgreind eru faglega óskyld mál. Þetta eru óþarfa hrokaspurningar. sem skemma svona kannanir.
Tímabært að kanna hug landsmanna á breiðum grundvelli varðandi verndun landsins okkar. Gott hjá ykkur.
Fannst ég svara þúsund sinnum myndaspurningunum um víðerni, fannst þetta ruglingslegt.
Fannst mynda spurningarnar um víðerni frekar ruglingslegar
Mjög leiðinlegar myndaspurningarnar.
Spurningarnar komast ekki fyrir á skjánum og þarf að skruna svarmöguleikana sem flækir máli. Undarleg þessi endurtekning á sömu spurningunni um víðerni
Myndaspurningar aðeins ruglandi og koma of mikið í röð.
Fyrri hlutinn þar sem birtar voru myndir og beðið um bestu eða verstu upplifun var heldur óljós eða óskýr. Ég hætti við í fyrstu tilraun en vegna ítrekaðra tilmæla lauk ég við könnunina.
Illa unnin, sumir svarmöguleikar áttu ekki við, vantaði vil ekki svar aog veit ekki í sumar spurningarnar. Löng könnun og alls ekki áhugaverð.
Allt of löng. Langaði að hætta við.
Einhverra hluta vegna komu sömu myndir ansi oft upp undir svipuðum eða eins spurningum
Óþarfi að skrifa notast við í þessari skýringu, sögnin að nota nægir: Hér koma nokkrar spurningar þar sem stuðst er við ákveðnar lýsingar sem tengjast þeim fjórum þáttum sem almennt er notast við til að aðgreina og kortleggja víðerni, þ.e.:
Vantaði að skilgreina hvað átt er við með "víðerni" í upphafi.
Hef svarað því frekar löng og myndasyrpurnar frekar leiðinlegar, er áhugamanneskja um íslenska náttúru, en vil að við notum landið og möguleika þess okkur öllum til góða, hvort heldur vatn, hita eða önnur þau gæði sem landið bíður okkur uppá. Varkárni er þó alltaf góð og gild.
Það vantaði inn nám í ferðaþjónustu t.d. Leiðsögunám, Ferðamálanám, Landvarsla
aðeins of langdregin
mynda spurningar eru of flóknar
Of löng, var frekar óörugg með myndirnar.
Of löng, of margir möguleikar uppi í einu. Fær falleinkun hjá mér

Skil ekki alveg pólitíkina í þessu.Mundi það skipta máli ég kysi frekar sjálfstæðisflokkinn,hvort mér er annt um náttúru Íslands? Eða einhvern annan flokk ef því er að skipta?
Lærdómsrík !
Mer fannst þessi könnun frekar löng og illskiljanleg.
tímafrekt að velja á milli mynda til að svara skilgreiningunni á víðernum (of margar myndir við hvern valmöguleika til að maður sé fljótur að átta sig)
Of löng og dálítið flókin.
Skildi hana ekki nógu vel
nei en gott að þessu er lokið
Þetta er bara bull gott að vita í hvað skattarnir mínir fara
Nei, hún er samt óðruvísi
bara of löng og kannski svolítið ruglingsleg með þessar myndir annars fínt
Þetta er versta könnun sem ég hef tekið þátt í að svara. Mjög greinilegt hvaða niðurstöðu átti að þvinga fram. Alvarlegt mál fyrir vísindastofnun að taka þátt í að gera svona könnun. Þetta ætti að vera skólabókardæmi um hvernig hægt að er nota viðhorfskannanir til að þvinga fram fyrirfram ákveðnar niðurstöður. Háskóli Íslands og Félagsvísindastofnun ættu að nota þessa könnun og framkvæmd hennar við kennslu í aðferðarfræði.
Svörin við könnuninn eru óhjákvæmlega tengd því hvernig sá sem svarar skilgreinir víðerni. Ef sá sem svarar gerir skýran greinarmun á óbyggðum og víðerni, er í raun ekki hægt að svara sumum spurningunum, sérstaklega þegar könnunin gengur alltaf út frá hugtakinu víðerni, sem er áræðanlega skilgreint á mismunandi hátt hjá svarendum..
Könnunin er augljóslega mjög hlutdræg ákveðnum skoðunum, sett fram til að rökstyðja þær og háskólanum til skammar. Að telja Náttúrverndarsamtök Íslands og Landvernd til náttúruverndarsamtaka er absúrt þetta eru hreinir pólitískir flokkar sem hafa tekið umhverfisumræðu á Íslandi í gíslingu og afvegaleitt hana inn á mjög þrönga slóð og frá þeim málum sem raunverulega skipta máli.
Ég missti athyglina eftir þriðju umferðina af myndum.
Of margar spurningar um sama efni.
Þarf skýrara orðaval varðandi álit á "víðerni" - var stundum verð að spyrja um hálendi eða annað en víðerni?
Notkun á orðinu víðerni.
Allt of löng og ekki séns að ég sé að nenna glósa einhver hugtök svo ég geti svarað henni betur/samviskusamlegra
Þakka fyrir mig að fá að vera með því að eldriborgar eftir sjötugt er almennt ekki með í skoðann könnunum sem eru geðar RÚV eða aðrar frétta stöðvar.
Of löng og fyrrihlutinn illa upp settur. Þ.e.a.s of langur (í sentimetrum) þannig að ég þurfti alltaf að vera að færa til, til að sjá svarmöguleika.
Orðmörg og flókin.
Full löng en vafalítið nauðsynleg til að fá marktækar upplýsingar varðandi þetta mikilvæga mál. Fanns þó að maður væri oft settur upp að vegg í vali á svari.
Já, hefði viljað sleppa við að svara spurningunni "Hver af þessum þremur lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst? " en hafði ekki kost á því.
Of löng og erfið
Mér þótti í nokkrum tilfellum ekki ljóst hvað verið var að spyrja um.
Uppsetning myndefnis ekki nægjanlega markviss. Er þá a´tt við blöndun mynda.
Mjög leiðandi spurningar um viðhorf til víðerna og greinilegt að þið haldið að rafmagnið komi úr innstungunni.
Ruglingsleg
Held ekki.
Gangi ykkur vel með þessa könnun
Bara gott mál að kanna hug fólks á hinum ýmsu málefnum,reyni alltaf að taka þátt og svara eftir bestu getu.
Frekar erfitt að svara sumum spurningum.
Mér fannst spurningarnar varðandi með hvað væri best lýsandi og verst lýsandi á víðerni ekki hafa neitt gildi
Skrítin framsetning.
Gott framtak að fá skoðanir fólks á þessum nauðsynlegu málum. Hlakka til að sjá niðurstöðurnar.
Mér fannst myndagáturnar um víðernin fáránlegar. Kannske bilun í hugbúnaði. Að þurfa að velja 8-10 sinnum milli mismunandi myndaflokka.
Hún er alveg hundleiðinleg. Skil ekki hví sömu spurningar komu marg oft, bara með mismunandi myndaspjöldum. Alltof, alltof löng, hefur tekið mig vel á aðra klukkustund að svara þessu.
Flókin könnun
Of mikið af sömu myndum með mismunandi spurningum um sama efnið
Aðeins of endurtekin í mynda-spurningunum, etv. lítið eitt ruglast í rýminu þar.
Könnunin var dálítið ruglingsleg.
Mér finnst mjög mikilvægt að vanda vel val virkjunastaða og haga gerð þeirra þannig að það verði sem minnst umhverfisspjöll. T.d. að sem minnst rask verði við framkvæmdir, byggingar falli vel að umhverfinu og verði jafnvel neðanjarðar, virkjunarlón verði gerð með dýpkunum í stað þess að sökkva landi og aflínur verði lagðar í jörð í stað þess að fara stystu leið yfir hvað sem fyrir er.
Gaman að fá að svara frá eigin brjósti en ekki bara krossa við. Óska ykkur góðs gengis.
Hvenær verður það gert að valkosti í öllum þessum könnunum að velja að kjósa EINSTAKLING hvað varðar allt í sambandi við stjórnun í þessu landi? Einnig hvort kjósendur séu ekki frekar tilbúnir að trúa og treysta á fólk sem hefur skoðanir með og á móti hlutum og talar um það á EÐLILEGAN hátt á mannamáli. Ekki með

FULLT af ífyllingar orðum og útúrsnúningum? Síðan er ekkert athugavert við að leggja veggi/slóða um hálendið og miðhálendið svo framarlega sem ekið er eftir þeim en ekki utanvega. Það þarf að vera hægt að fara um landið og njóta þess hvort heldur er gangandi eða á ökutæki... Það er fullt af fötluðu og hreifihömluðu fólki sem hefur gaman af náttúru og getur ekið, en ekki gengið það vel. Það er ALDREI rætt í umræðum um náttúruna. Þetta má komast á framfæri. Vindmillur mega mín vegna vera út um allt á hálendinu þar sem er rok rasgat og auðn. ekki endilega á ræktuðu landi. Þó má alveg rækta það land sem vindmillur væru settar á. Þetta er frítt afl að ná í vind orku úr rokinu á hálendinu (ég geri mér grein fyrir kostnað á tækjabúnað).

Afhverju í ósköpunum þarf alltaf að troða inn spurninum um tekjur og pólík/kosningar???? :(

Mjög leiðandi uppsett

Fyrstu spurningarnar voru of almenns eðlis til að geta svarað þeim réttilega.

Ekki hafa kannanir svona langar, myndandæmin ótrúlega leiððinleg að svara

of margbreytilegt myndefni

Vantar aðeins betri valmöguleika, mætti frekar hafa hana stutta og taka þá fleiri en eina svona langa

Mundi mæla með einfaldari og nákvæmari spurningum.

Mér fannst erfitt að svara myndaspurningunum, það var eins og verið væri að etja saman ræktuðum svæðum og óræktuðum, eins og allt óræktað ætti frekar að heyra undir víðerni.

Löng og leiðinleg

Frekar leiðandi

Gefnar forsendur eru flokkaðar á mjög sérstakan hátt

Könnunin var fáránleg. Hún byggir á hugmyndafræði sem er meira og minna í engu samræmi við RAUNVERULEIKAN. Fólk sem kann að ferðast um Ísland getur nálgast allar þessar aðstæður en það kostar fáránlega mikinn pening, enda búnaður sem þarf til að lifa þetta helvíti af allt er of dýr og endist ekki fyrir skít.

Ánægð með rannsóknir á þessu sviði. Takk.

Kannast ekki nægilega vel við þetta hugtak "víðerni".

Fannst svolítið eins og verið væri að spyrja aftur og aftur sömu spurninga um víðáttuviðhorf.

Furðulega uppsett og tilfinningin var að þetta væru endalausar endurtekningar

Könnuni var mjög leiðandi og endurtekningarsöm þar af leiðandi mjög leiðinleg könnun og ómarkviss að mínu skapi

Þið megið endurskoða notkun ykkar á orðinu viðeigandi. Fannst það mjög ruglingslegt. Öryggi ferðamanna á hálendinu- er það viðeigandi? Hvort meinið þið þá hvort ég upplifi að ferðamenn séu öruggir á hálendinu NÚNA..eða hvort mér finnist að ferðamenn EIGI AÐ VERA öruggir á hálendinu...?

Nei, hún var að vísu dálítið flókin en víst erfitt að komast hjá því.

Hvað í ósköpunum eigið þið við þegar þið notið orðið viðeigandi með þessum hætti? Eigið við að eitthvað eigi vel við? Hvort ég tengi það við víðerni/hálendi? Eða hvort mér finnist viðeigandi/óviðeigandi að slíkt sé til staðar?

Um miðbik hennar komu aftur og aftur nánast sömu spurningarnar með sömu myndunum. Mjög ruglandi og leiðigjarnt að svara þeim

Erfitt að svara með stöðluðum svörum

Já ég var löngu orðin pirruð og marg oft komin að því að hætta. Könnunin var alt alt of löng var löngu búin að missa áhugann á henni.

Mikið til sömu spurningar um víðerni sem mér fannst fara á svig við hvað mér finnst vera víðerni (sem er margt í mínum huga eins og ég svaraði í fyrstu spurningu)

Þið sneruð svarröðun við í alla vega einni spurningu miðað við spurninguna á undan - það getur ruglað svörunina. Allt of löng könnun.

Leiðinlegasta könnun sem ég hef nokkurn tímann tekið þátt í - hef nú tekið þátt í mörgum og verið líka spyrill. Þessar myndaspurningar um víðerni voru algjört drep - fáránlegt að spyrja sömu spurninguna margoft með mismunandi myndum - bara pirrandi og var eiginlega ákveðin að hætta á þeim stað *!

Þessar spurningar í upphafi var afskaplega leiðinlegt að svara

Mér fannst kaflinn þar sem maður átti að merkja við myndir eftir því hver lýsti verst og hver best upplifun manns af víðerni alltof langur og ruglingslegur. Allar myndirnar áttu bara þokkalega vel við þau víðerni sem ég þekki hvað best í sumum tilfellum. Hvað varðar skilvirka beitarstjórnun, þá er hún í gangi. Landgræðslufélögin, sem eru félög bænda til landbóta afrétta sinna, þurfa að skila landbótaáætlunum til MAST sem Landgræðsla Ríkisins þarf að samþykkja. Landgræðslan kemur líka að ákvörðunum um hvenær bændur mega sleppa fé sínu í afrétti og hversu lengi féð má vera. Þeir gera einni athugasemdir við fjölda fjár fari hann yfir það sem þeir telja að landið þoli.

Ég skildi ekki kaflann þar sem voru sýndar myndir og spurt um hvað mér þætti best og hvað verst. Efst merkti ég við það sem mér þótti passa við best en fattaði aldrei hvort ég hefði tjáð mig um hvað væri verst.

Þar sem ég rek ferðaþjónustu og hitti marga erlerda ferðamenn þá er það mitt mat að einungis við það að aka hringveginn þá upplifi þetta fólk víðerni í ríkum mæli. Íslenska umræðan um "hin ósnortnu víðerni" er að mínu mati á villigötum hjá þjóð sem í framtíðinni hefur ferðaþjónustu að aðalstarfi.

Skelfilega illa skipulögð könnun. Hafði ekki hugmynd um hvað ég var að gera stundum.

Spurningar og svarmöguleikar frekar ruglingslegar

Ég hef skylmerkilega reynt að svara könnunum ykkar eftir bestu getu, en er orðin mjög þreyttur á þessu kjaftæði sem þið notið sem beytu við að svara könnunum ykkar. Þið bjóðið 2 heppnum vinning ef þeir taka þátt í spurningum ykkar. Ég hef aldrei unnið neitt og veit um engan sem unnið hefur frá ykkur. Þetta ber keym af einhverju sem aldrei verður og þannig er því miður komið fyrir Íslenskri pólitík (hagsmunir fárra og svik við kjósendur) Hvenig væri að byrta nafnalista yfir þá sem unnið hafa úrtak ykkar. Að öðrum kosti byð ég ykkur að fella þessa gulrót niður því mér fynnst hún fölsk. Ég held að það haf aldrei neinn fengið neitt !!!

Mér fannst spurningarnar um lýsingar- best og verst upplifun- ruglingslegar.
Skil ekki tilganginn
Flott könnun og þörf!
ruglingslegar myndaspurningarnar
Þetta var örlítið ruglingslegt þ.e. að skilja að víðerni, miðhálendi og óbyggðir. Getur verið sama svæðið.
Mér fannst þetta illa unnin könnun af ykkar hálfu. Geri meiri kröfu til Háskóla Íslands en þetta og rýrir að mínu mati trúverðugleika þess sem kemur frá Féló
Má útskýra víðerni
hún er hlutdræg og er greinilega samin af andstæðingum orkunýtingar landsins
Alltof langdregin
Könnunin er óttalegt torf, flókin og þung.
Já að maður skuli þurfa að nota orðskrípið víðerni
Hugtökin sem könnunin byggði á (víðerni, óbyggðir) voru illa skilgreind svo að erfitt var að svara spurningunum, þar sem ekki var fyllilega ljóst um hvað var verið að spyrja.
Fyrri hluti sem svarað var í spjaldtölvu var eitthvað skrýtinn
Það er aldrei minnst á kennarastéttina í spurningum um starfsheiti.
Mjög illa samin og ruglingsleg könnun. Stöðugar endurtekningar.
Myndaspurningarnar fannst mér ruglandi og of margar.
Fannst vera að svara sömu spurningunni aftur og aftur
finnst að það hefði verið hægt að hafa beinni spurningar
Þetta var sennilega heimskulegasta könnun sem ég hef fengið frá ykkur til þessa. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvað persónulegt mat fólks á fegurð getur skilað ykkur eitthverjum niðurstöðum. Mannvirki geta allveg verið eins falleg og ósnortin náttúra þetta er ekki svart og hvítt.
Fannst þetta með eindæmum leiðinlegasta könnun sem þið hafið boðið uppá annars hef eg alltaf svarað öllum ykkar könnunum með ánægju
Ómarkvissar spurningar
Verndum landið okkar !
Ruglingsleg
Alltof flókin og langdregin könnun, illa orðuð og of mikið af endurtekningum
Nei ekki aðra en sumt mætti vera skýrara hvort eigi að setja orð eða tölustafi. Gangi ykkur vel
ekki alveg sáttur við allar fullyrðingar en reyndi að svara eins vel og gat
Þessi könnun er allt of löng. Þar sem spurt var hversu oft maður notar hin ýmsu svæði á ári, viku eða mánuði er ekki nógu góð að mínu mati því sjálf get ég ómögulega slumpað á það hversu mikið ég geri hitt og þetta. Þegar ég labba til vinnu þá geng ég í gegnum hálfgert útivistarsvæði í mínu sveitarfélagi en það er hugsanlega ekki skilgreint sem útivistarsvæði í augum fólks sem býr annars staðar. Þessar endalausu spurningar um hvað lýsir að mínu mati best/verst víðáttu var of mikið. Var í alvörunni ekki nóg að vera með eina þannig spurningu? Þar sem það var spurt, eins og í öllum öðrum svona könnunum, hvert er hæsta stig menntunar minnar, hver hjúskaparstaða mín er, hver laun mín eru og stjórnmálaskoðun hvers vegna er þá ekki líka spurt um kyn og aldur? Eða þar sem þetta eru spurningar um náttúru landsins og nýtingu hennar hvers vegna er þá ekki spurt um hvar ca á landinu maður býr?
Svolítið ruglandi stundum!!
Spurningarnar þvælukenndar og örðugt að skilja hvað er verið að spyrja um nákvæmlega.
Of löng
Illskiljanlegt spurningar.
Það vantar skilgreingu á þeim hugtökum sem er verið að spyrja um
Eru óbyggðir óbyggðir þegar er komin virkjun þangað ?
Var óviss um hvernig svar skyldi sumum spurningunum og hvernig svör mín yrðu skilin.
Skildi þessa könnun vægast sagt ílla
Frekar loðin framanaf, og skil ekki tengingu bæja og þorpa sem valmöguleika í víðerni
Lenti í vandræðum með að lýsa víðerni eftir myndum. Margar myndanna gátu fallið að minni hugmynd um víðerni - en hálendið hefur sérstakan sess í mínum huga en þar er það víðáttan sem heillar.
Nei bara svakalega löng

Viðauki C

Spurningalisti I

Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum

Kæri viðtakandi

Könnun þessi er liður í stærri rannsókn á viðhorfum Íslendinga til víðerna og óbyggða hér á landi. Rannsóknin er unnin á vegum Líf- og umhverfisvísindadeildar við Háskóla Íslands vegna Rammaáætlunar, áætlunar um vernd og orkunýtingu, og byggir á samstarfi við landfræðideild háskólanna í Leeds og Manchester á Englandi. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands sér um framkvæmd könnunarinnar.

Könnunin byggir á því að svarendur liti þau svæði sem í þeirra huga eru víðerni á meðfylgjandi kort. Kortið styðst við svokallaðan Map-Me hugbúnað, þar sem notast er við „úðabrúsa-hnapp" (á ensku: spraycan) til að úða eða lita þau svæði sem hver spurning vísar til. Þegar úða-hnappurinn er notaður koma margir punktar á kortið, sem verða þéttari á því svæði sem úðað er mest á, en kantar hvers litaðs svæðis einkennast af óreglulegum punktum.

Spurningakönnunin samanstendur af þremur spurningum sem allar byggja á því að svarendur kortleggja ákveðin svæði með úðabrúsanum. Spurningunum fylgja 1-3 undirspurningar þar sem svör eru skrifuð inn í þar til gerða glugga. Á undan fyrstu spurningunni hefur verið bætt við aukaspurningu þar sem þú getur prófað að nota úðabrúsa-hnappinn og séð hvernig hann virkar í mismunandi mælikvarða með því að þysja (súmma) kortið inn og út.

Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Ertu búsett(ur) á Íslandi?

- ○ Já
- ○ Nei
- ◉ Vil ekki svara

Til baka | Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Hvað ertu gamall/gömul?

Til baka | Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Ertu karl eða kona?

- ○ Karl
- ◉ Kona
- ○ Vil ekki svara

Til baka | Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Smelltu á tengilinn hér fyrir neðan til að opna Map-Me könnunina. Eftir að þú hefur klárað að svara öllum spurningunum í Map-me forritinu þá getur þú smellt á '*Áfram*' hér að neðan.

http://map-me.org/sites/iceland/

Ef könnunin opnast ekki, prófaðu þá að afrita slóðina og líma inn í nýjann glugga í vafranum þínum.

Leiðbeiningar fyrir Map-me forritið

Kveikja á spreybrúsa. Þú byrjar á því að smella á græna hnappinn efst í hægra horninu (*Click to turn the Spraycan on*). Þegar þú ert búin(n) að lita það svæði sem þú ætlar að lita, ýtir þú aftur á sama hnappinn sem núna er rauður (*Click to turn the Spraycan off*).

Zoom. Til að afmarka minna svæði er nauðsynlegt að stækka svæðið með því að þysja (*zoom*) kortið inn og síðan er unnt að þysja það aftur út. Einfaldast er að nota plús og mínus hnappana til að þysja inn og út. Það að spray-punktarnir dreifast óreglulega er eðlilegt.

Færa sig á kortinu. Til að færa þig á kortinu þá verður þú að smella á „click to turn the spraycan off", þá breytist bendillinn úr krossi í hönd. Þegar bendillinn er hönd getur þú fært þig til á kortinu.

Að stroka út. Með því að ýta á „*clear*" eyðir þú öllu sem þú hefur úðað, en með því að ýta á „*spray again*" hnappinn, vistast þau svæði sem þú hefur úðað í gagnagrunninum og ef þú spreyar aftur (*spray again*) vistast þau svæði aftur, svo framalega sem þú ýtir ekki á *clear*.

Til baka | Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Map-Me

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Viðhorf og upplifun Íslendinga á víðernum

proceed to the map

© 2015 Jonny Huck

Q. 1 of 4:

Í þessari aukaspurningu skaltu byrja á því að prófa að úða/lita ákveðin svæði á kortinu til að sjá hvernig úðabrúsa-hnappurinn (á ensku: spraycan) virkar. Það að punktarnir dreifist óreglulega er eðlilegt, þannig myndast óskýr ytri mörk svæðanna sem þú úðar sem er hluti af hugmyndafræðinni á bak við forritið. Því meira sem þú stækkar kortið upp (súmmar inn) því minna verður svæðið sem punktarnir dreifast um. Ef þú ætlar að kortleggja lítið svæði er því mikilvægt að súmma inn (stækka kortið). Þegar þú ert búin(n) að fá tilfinningu fyrir úðahnappinum, skaltu halda áfram í næstu spurningu.

Back | Spray Again | Next

© 2015 Jonny Huck

● Q. 2 of 4:

Hvar á Íslandi eru víðerni að þínu mati? Vinsamlega úðaðu svæðin á kortið hér til vinstri.

Hvað sameinar þessi svæði og gerir þau að víðernum í þínum huga?

Back | Spray Again | Next

© 2015 Jonny Huck

● Q. 3 of 4:

Hvaða víðernis svæði (af þeim sem þú kortlagðir í spurningu 2) hefur þú heimsótt? Vinsamlega úðaðu svæðin á kortið hér til vinstri.

Hvernig upplifðir þú þessi svæði? (Vinsamlega skrifaðu eitt svar sem sameinar upplifun þína fyrir öll svæðin)

Hvaða innviðum tókstu eftir á svæðunum?

Back | Spray Again | Next

© 2015 Jonny Huck

- **Q. 4 of 4:**

Hvaða víðernis svæði telur þú mikilvægast að varðveita í núverandi mynd? Vinsamlega úðaðu svæðin á kortið hér til vinstri.

Hverja telur þú vera helstu ógn þessara svæða?

Back | Spray Again | Next

© 2015 Jonny Huck

Map-Me

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þakka þér kærlega fyrir þátttökuna!

Er eitthvað annað sem þú vilt nefna um víðerni Íslands eða benda á í sambandi við þessa könnun?

Do you have any further comments or feedback?

finish

© 2015 Jonny Huck

Þér er óhætt að loka þessum glugga núna.
Vinsamlega haltu áfram að svara hinni könnuninni sem var opin áðan (þessi með græna borðanum efst)
Takk fyrir.

Hversu vel eða illa gekk þér að ...

	Mjög vel	Frekar vel	Hvorki vel né illa	Frekar illa	Mjög illa
... merkja inn svæði með úðabrúsa	○	◉	○	○	○
... finna á kortinu þau víðernis svæði sem þú hafðir heimsótt	◉	○	○	○	○
... að svara opnum spurningum um víðernis svæði	○	◉	○	○	○
... nota Map-Me forritið á heildina litið	○	○	◉	○	○

Til baka Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

	Mjög sammála	Frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála
Það tók langann tíma að merkja inn öll víðerni á Íslandi	○	◉	○	○	○
Mér fannst uppsetningin á könnuninni ruglingsleg	◉	○	○	○	○

Til baka Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

Til baka | Áfram

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN

Viðauki D

Spurningalisti II

Spurningar A

Viðhorf Íslendinga til víðerna

Ágæti þátttakandi
Könnun þessi er liður í rannsókn á viðhorfum Íslendinga til víðerna og óbyggða hér á landi. Verkefnið er unnið á vegum Háskóla Íslands vegna Rammaáætlunar (Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða) og sér Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um framkvæmd hennar. Það tekur einungis um 15-20 mínútur að svara könnuninni.

Við viljum benda á mikilvægi þess að öllum spurningum sé svarað samviskusamlega svo að niðurstöður verði sem áreiðanlegastar, og að það er ekkert „rétt“ eða „rangt“ svar við spurningum. Við úrvinnslu könnunarinnar verður ekki hægt að rekja svör til einstakra svarenda.

Ef þú hefur einhverjar spurningar ekki hika við að hafa samband í vefpósti, heg@hi.is.
Vinsamlega smelltu á takkann hér að neðan til að hefja þátttöku. Kærar þakkir fyrir að gefa þér tíma til að svara.

Hvað kemur upp í hugann þegar þú heyrir hugtakið **víðerni**?

Hvað kemur upp í hugann þegar þú heyrir hugtakið **óbyggðir**?

Hvað kemur upp í hugann þegar þú heyrir hugtakið **miðhálendi Íslands**?

Hve oft heimsækir þú:

Vinsamlega fylltu inn áætlaðan fjölda heimsókna og merktu við hvort svar eigi við viku, mánuði eða ár.

	í viku	á mánuði	á ári	Aldrei	Vil ekki svara
Miðhálendi Íslands	O	O	O	O	O
Útivistarsvæði í þéttbýli	O	O	O	O	O
Önnur náttúrusvæði	O	O	O	O	O

s5

Vinsamlega merktu við hve viðeigandi þér þykir eftirfarandi þættir vera á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu.

	... á víðernum				**... í óbyggðum**				**... á miðhálendinu?**			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Hótel	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O
Fjallaskálar	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O
Tjaldsvæði	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O
Gestastofur	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O
Uppbyggðir vegir með bundnu slitlagi	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O
Uppbyggðir malarvegir	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O
Annað. Hvað?	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O	O

Vinsamlega merktu við hve viðeigandi þér þykir eftirfarandi þættir vera á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu.

	... á víðernum				... í óbyggðum				... á miðhálendinu?			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Vegslóðar	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Uppbyggðir göngustígar	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Stígar myndaðir af umferð manna og dýra	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Akbrýr yfir vatnsföll	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Göngubrýr yfir vatnsföll	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Upplýsingaskilti	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Annað. Hvað?	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○

Vinsamlega merktu við hve viðeigandi þér þykir eftirfarandi þættir vera á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu.

	... á víðernum				... í óbyggðum				... á miðhálendinu?			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Salerni	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Verslanir og veitingastaðir	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Bensínstöðvar	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Raflínur	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Vatnsaflsvirkjanir	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Jarðvarmavirkjanir	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Annað. Hvað?	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○

Vinsamlega merktu við hve viðeigandi þér þykir eftirfarandi þættir vera á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu.

	... á víðernum				... í óbyggðum				... á miðhálendinu?			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Vindorkuver/Vindmyllur	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Miðlunarlón	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Fjarskiptamöstur	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Girðingar	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Beit búfénaðar	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Öræfatilfinning	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Annað. Hvað?	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○

Vinsamlega merktu við hve viðeigandi þér þykir eftirfarandi þættir vera á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu.

	... á víðernum				... í óbyggðum				... á miðhálendinu?			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Fábrotnir innviðir	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Gott aðgengi allt árið	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Gott aðgengi yfir sumarmánuðina	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Góð þjónusta fyrir ferðamenn og útivistarfólk (s.s. gisting,veitingar)	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○

Fjölbreytt afþreying	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Öryggi fyrir ferðamenn	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Annað. Hvað?	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○

Vinsamlega merktu við hve viðeigandi þér þykir eftirfarandi þættir vera á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu.

	... á víðernum				**... í óbyggðum**				**... á miðhálendinu?**			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Landverðir	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Nýting orkuauðlinda	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Tækifæri til að upplifa einveru	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Tækifæri til að upplifa kyrrð og ró	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Náttúruvernd	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○
Annað. Hvað?	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○	○

s5d

Er eitthvað annað sem þér þykir viðeigandi eða óviðeigandi á víðernum, í óbyggðum og á miðhálendinu?
Ef ekki, skiljið spurninguna eftir auða og haldið áfram.

	... á víðernum				**... í óbyggðum**				**... á miðhálendinu?**			
	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara	Viðeigandi	Hvorki né	Ekki viðeigandi	Vil ekki svara
Annað. Hvað?												

Skynjun víðerna

Hér koma nokkrar spurningar þar sem stuðst er við ákveðnar lýsingar sem tengjast þeim fjórum þáttum sem almennt er notast við til að aðgreina og kortleggja víðerni, þ.e.:

- **náttúruleiki** svæða
- tilvist **manngerðra þátta** og forma
- **fjarlægð** frá vegum og byggð
- **landslag** og **staðhættir**

Þessir fjórir þættir eru kynntir nánar á næstu síðu.

Náttúruleiki (e. *naturalness*) svæðis segir til um ástand lands og lífríkis, og ummerki um sögur og mannvist í landslaginu.

- náttúrulegt skóglendi og kjarr
- plöntur, svo sem lyngmóar og annar lággróður
- heiðar, mýrlendi/votlendi
- vötn, ár og lækir
- jökulár, jökuláraurar og –sandar
- hraunbreiður
- villt dýralíf
- sveitir og sögurík svæði, þ.e. svæði sem tengist þjóðsögum og sögulegum heimildum
- jarðvegsrof

Manngerðir þættir og form segja til um aldur, gerð og stærð allra bygginga og annarra mannlegra þátta sem fyrirfinnast í landslaginu.

- nútíma og/eða stærri byggingar, s.s. iðnaðarhúsnæði, ýmiss konar athafnasvæði, stærri hús og sveitabæir
- eldri og/eða minni byggingar, s.s. minni hús og sveitabæir, fjallaskálar, neyðarskýli og gangnamannakofar

- ræktaðir skógar, ræktuð tún
- virkjanir, stíflur, uppistöðulón, háspennulínur, spennivirki, vindmyllur
- fjarskiptamannvirki
- samgöngumannvirki, s.s. vegir og slóðar, og brýr
- landbúnaðarsvæði og framræsluskurðir
- þorp og bæir; fornleifar og tóttir
- beitt svæði
- girðingar
- utanvegaakstur

Fjarlægð segir til um hve langt ákveðið svæði er frá stærri byggð, eða næsta vegi með bundnu slitlagi. Hér er átt við hve langan tíma það tekur fyrir venjulegan fullorðinn einstakling að ganga til svæðisins frá vegi/byggð sem næst liggur svæðinu. Til dæmis:

- eins tíma gangur
- tveggja tíma gangur
- sex tíma gangur
- tólf tíma gangur

Landslag og staðhættir segja til um ásýnd svæðis, hversu miklum fjölbreytileika það býr yfir, hversu víðsýnt það er, hversu erfitt það er að ferðast um það, og hversu öruggt þú telur að það sé m.t.t. náttúruhamfara.

- hrikalegt landslag
- óstöðugt landslag, s.s. skriður, jökulár og jökuláraurar.
- fjölbreytileiki
- víðsýni
- tilvist náttúrulegra farartálma, svo sem klettabelta og jökulvatna
- mikill bratti/halli
- hversu auðvelt er að ferðast um svæðið vegna landslags og veðurskilyrða
- öryggi m.t.t. náttúruhamfara (s.s. eldgos, jarðskjálftar, snjóflóð og sjávarflóð)

Hversu vel þykir þér ofangreindir þættir ná að lýsa íslenskum víðernum?

Ekki mjög vel

Nokkuð vel

Mjög vel

Vil ekki svara

Eru einhverjir aðrir þættir sem þér finnst lýsa skynjun þinni á víðernum Íslands betur?

Scenario A

Spurningarnar sem koma hér á eftir byggjast hver um sig á ákveðnum staðhæfingum sem vísa til fyrrgreindra þátta og verður þú beðin(n) um að velja þá lýsingu sem þér þykir:

- lýsa **best** þinni upplifun á víðernum
- og lýsa **verst** þinni upplifun á víðernum

Hverri lýsingu fylgir ákveðið myndaspjald með nokkrum dæmum.

Hver af þessum fimm lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum		Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum
○	Víðáttumikið landslag með nokkrum áberandi formum. *s.s. klettabelti, jöklar og stöðuvötn)* *og er fremur erfitt að ferðast um það, en nokkuð öruggt.* 	○

Villt dýralíf má vera í landslaginu, svo sem fuglar, selir, refir og hreindýr.

Ummerki um ferðaþjónustu
s.s. göngustígar, göngubrýr, vegaslóðar, utanvegaakstur, fjallaskálar, þjónustumiðstöðvar.

Engin sýnileg mannvirki í landslaginu.

Manngert svæði: skipulögð svæði, almenningsgarðar og/eða beitarhólf.

Hver af þessum fimm lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

Víðáttumikið landslag með nokkrum
áberandi formum.
s.s. klettabelti, jöklar og stöðuvötn)
og er fremur erfitt að ferðast um það, en
nokkuð öruggt.

Engin sýnileg mannvirki í landslaginu.

Manngert svæði: skipulögð svæði, almenningsgarðar
og/eða beitarhólf.

Villt dýralíf má vera í landslaginu, svo sem fuglar,
selir, refir og hreindýr.

Ummerki um ferðaþjónustu
s.s. göngustígar, göngubrýr,
vegaslóðar, utanvegaakstur,
fjallaskálar, þjónustumiðstöðvar.

Hver af þessum þremur lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

» Engin sýnileg mannvirki í landslaginu.

» Ummerki um ferðaþjónustu
s.s. göngustígar, göngubrýr, vegaslóðar, utanvegaakstur, fjallaskálar, þjónustumiðstöðvar.

» Víðáttumikið landslag með nokkrum áberandi formum.
s.s. klettabelti, jöklar og stöðuvötn) og er fremur erfitt að ferðast um það, en nokkuð öruggt.

» Manngert svæði: skipulögð svæði, almenningsgarðar og/eða beitarhólf.

» Villt dýralíf má vera í landslaginu, svo sem fuglar, selir, refir og hreindýr.

Hver af þessum fimm lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

Ummerki um landbúnað, s.s. framræsla, ræktuð tún, vegaslóðar, skógrækt, beitilönd, fiskeldi.

Orkumannvirki í landslaginu, svo sem virkjanir, vindmyllur, háspennulínur, stíflur og tengd mannvirki.

Ummerki um ferðaþjónustu, s.s. göngustígar, göngubrýr, vegaslóðar, utanvegaakstur, fjallaskálar, þjónustumiðstöðvar.

Ummerki um búsetu manna fyrr á öldum, t.d. eyðibýli, torfbæir, gangnamannakofar, hlaðnir torf- og steinveggir, vörður, fornminjar.

Landslag einkennist af hrikaleika og mörgum áberandi formum og litum (s.s. klettabeltum og -brúnum, jöklum, jökulurðum, jökulám, og/eða úfnum hraunum) og er erfitt og óöruggt yfirferðar.

Hver af þessum þremur lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

» Landslag einkennist af hrikaleika og mörgum áberandi formum og litum (s.s. klettabeltum og -brúnum, jöklum, jökulurðum, jökulám, og/eða úfnum hraunum) og er erfitt og óöruggt yfirferðar.

» Ummerki um landbúnað, s.s. framræsla, ræktuð tún, vegaslóðar, skógrækt, beitilönd, fiskeldi.

» Orkumannvirki í landslaginu, svo sem virkjanir, vindmyllur, háspennulínur, stíflur og tengd mannvirki.

» Ummerki um búsetu manna fyrr á öldum, t.d. eyðibýli, torfbæir, gangnamannakofar, hlaðnir torf- og steinveggir, vörður, fornminjar.

» Ummerki um ferðaþjónustu, s.s. göngustígar, göngubrýr, vegaslóðar, utanvegaakstur, fjallaskálar, þjónustumiðstöðvar.

Hver af þessum fimm lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

Engin sýnileg mannvirki í landslaginu.

6 klukkustunda gangur frá næsta vegi eða slóða.
Ekkert myndaspjald fylgir þessari lýsingu.

Ummerki um landbúnað, s.s. framræsla, ræktuð tún, vegaslóðar, skógrækt, beitilönd, fiskeldi.

Villt dýralíf má vera í landslaginu, svo sem fuglar, selir, refir og hreindýr.

Víðáttumikið landslag með fáum áberandi formum og að jafnaði nokkuð auðvelt og öruggt að ferðast um.

Hver af þessum þremur lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

» Engin sýnileg mannvirki í landslaginu.

» Víðáttumikið landslag með fáum áberandi formum og að jafnaði nokkuð auðvelt og öruggt að ferðast um.

» Ummerki um landbúnað, s.s. framræsla, ræktuð tún, vegaslóðar, skógrækt, beitilönd, fiskeldi.

» Villt dýralíf má vera í landslaginu, svo sem fuglar, selir, refir og hreindýr.

» 6 klukkustunda gangur frá næsta vegi eða slóða.
Ekkert myndaspjald fylgir þessari lýsingu.

Hver af þessum fimm lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

Ummerki um landbúnað, s.s. framræsla, ræktuð tún, vegaslóðar, skógrækt, beitilönd, fiskeldi.

Óstöðugt landslag sem erfitt og óöruggt er að ferðast um, s.s. lausar skriður í fjalllendi, jökulár og jökuláraurar.

1 klukkustundar gangur frá næsta vegi eða slóða.
Ekkert myndaspjald fylgir þessari lýsingu.

Ræktaður skógur, uppgræðsla (framandi tegundir).

Ummerki um útivist og afþreyingu (s.s. vegaslóðar, göngustígar, göngubrýr, upplýsingaskilti, skíðalyftur, stangveiði, og aðrir innviðir ferðamennsku).

Hver af þessum þremur lýsingum sem birtar eru hér að neðan lýsir víðernum best eins og þú upplifir þau og hver lýsir þeim verst?

Lýsir **best** minni upplifun á víðernum

Lýsir **verst** minni upplifun á víðernum

» Óstöðugt landslag sem erfitt og óöruggt er að ferðast um, s.s. lausar skriður í fjalllendi, jökulár og

jökuláraurar.

» 1 klukkustundar gangur frá næsta vegi eða slóða.
Ekkert myndaspjald fylgir þessari lýsingu.

